# FRÉTTABLAÐIÐ

67. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. MARS 2020


## Markaðsvextir gætu rokið upp á versta tíma

**VIÐSKIPTI** Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter, segir mikilvægt að Seðlabanki Íslands horfi til annarra seðlabanka og styðji beint eða óbeint við fjármögnun á hallarekstri ríkissjóðs.

Bankinn verði að gefa afdráttarlaus skilaboð í þá veru „svo að markaðsvextir fari ekki að rjúka hér upp á versta tíma og eyði út þeirri slökun í peningalegu aðhaldi sem bankinn er að reyna að miðla áfram“.

Hann segir hallarekstur ríkissjóðs hanga „eins og sverð Damóklesar yfir markaðinum“.

Skuldabréfafjárfestar tóku illa í óvænta ákvörðun Lánamála ríkisins um að stórauka útgáfu ríkisbréfa á öðrum fjórðungi ársins – þannig að hún geti orðið allt að fjörutíu milljarðar króna – en til marks um það rauk ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisbréfa upp í viðskiptum gærdagsins. Vextir á útlánum, meðal annars banka og lífeyrissjóða, fylgja að jafnaði breytingum á kröfu umræddra bréfa.

**Hallarekstur ríkissjóðs hangir eins og sverð Damóklesar yfir markaðinum.**

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter

„Mér heyrist markaðurinn hafa nokkrar áhyggjur af því að stóraukið framboð ríkisbréfa geti vegið gegn þeirri viðleitni Seðlabankans að lækka vaxtastigið í hagkerfinu,“ segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka.

Eftir hálfs prósentustigs stýrivaxtalækkun peningastefnunefndar í gær – úr 2,25 prósentum í 1,75 prósent – hafa vextir bankans lækkað um 2,75 prósentustig frá því í maí í fyrra.

Fram kom í máli Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra á fundi Seðlabankans í gærmorgun að bankinn byggi yfir „ótal tækjum“ til þess að bregðast við því efnahagsáfalli sem nú dynur yfir vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. „Við erum bara rétt að byrja,“ sagði Ásgeir.

Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku, segir að mörgu leyti skiljanlegt að ríkið vilji auka útgáfu ríkisbréfa til þess að fjármagna fyrirséðan hallarekstur. Spurningin sé hins vegar hver eigi að kaupa bréfin. Ekki sé víst að það sé skynsamlegt að ríkið dragi til sín mikið innlent lausafé á meðan slíkt fé sé að þurrkast hratt upp í einkageiranum. – **hae, kij / sjá Markaðinn**

**Eldri borgarar á Hrafnistu Ísafold í Garðabæ söfnuðust saman á svölum sínum í gær og nutu óvæntra útitónleika. Landsþekkt listafólk tók sig saman og gladdi íbúa dvalarheimilisins með söng, en þar ríkir nú heimsóknarbann vegna COVID-19 faraldursins.** MYND/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

## Mjög mikið álag hjá vinalínunni

**COVID-19** „Við mælumst til þess að sjálfboðaliðar okkar hringi styttri símtöl á hverjum einasta degi, fyrir utan lengri símtöl tvisvar í viku, til að koma í veg fyrir félagslega einangrun,“ segir Kristína Erna Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.

**Margir eiga ekkert tengslanet og það er frábært að þau hafa samband við okkur.**

Kristína Erna Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum

Mikið álag er á vinalínu Rauða krossins, en búið er að leggja af heimsóknarþjónustu til fólks í áhættuhópi vegna COVID-19. Þótt símaþjónustan sé óskert hefur þeim sem hringja reglulega verið bent á að eignast símavin, hvort sem það er tímabundið eða til lengri tíma.

Nú eru rúmlega 180 sjálfboðaliðar í vinaverkefnum Rauða krossins og fleiri hafa sótt um að sinna slíkri þjónustu og er því auðvelt að eignast slíkan vin. Um er að ræða þjónustu í ætt við heimsóknarþjónustu nema það, að samskiptin fara fram í gegnum síma. – **ab / sjá síðu 4**

## Starf skólans hefur gengið vonum framar

**COVID-19** „Nemendur, foreldrar og starfsfólk hafa staðið sig með þvílíkum sóma og virt allar þessar áætlanir sem við höfum gert,“ segir Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla. Frá því að samkomubann tók gildi vegna útbreiðslu kórónaveirunnar hefur starf í leik- og grunnskólum landsins tekið miklum breytingum. Unnið er í smærri hópum og er skóladagurinn styttur. Hann segir að nú skipti mestu máli að halda lífinu gangandi og búa til rútínu fyrir nemendur. Í skólanum eru um 700 nemendur og starfsmenn um eitt hundrað. Enn hefur ekkert smit greinst í hópnum. – **sar / sjá síðu 6**

**Nemendur, foreldrar og starfsfólk hafa staðið sig með þvílíkum sóma.**

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla

## Veður




Hæg breytileg átt og skýjað með köflum eða bjartviðri. Frost 2 til 12 stig, en vaxandi sunnanátt með éljum við vesturströndina og syðst annað kvöld og dregur úr frosti. SJÁ SÍÐU 20

Dómaraflautan var keypt árið 1996.

# Vilja vita hvar Dómaraflautan er niðurkomin

**GARÐABÆR** Myndstef hefur óskað eftir upplýsingum um afdrif listaverksins Dómaraflautunnar sem Bessastaðahreppur fjárfesti í árið 1996. Höfundur verksins er Stefán Geir Karlsson og ýjar Myndstef að því að brotið hafi verið á sæmdarrétti höfundar.

Nafni sveitarfélagsins var breytt í sveitarfélagið Álftanes árið 2004 og síðan sameinaðist sveitarfélagið Garðabæ árið 2012.

Í bréfi frá Myndstefi sem tekið var fyrir í bæjarráði Garðabæjar í byrjun vikunnar, kemur fram að verkið hafi verið lánað til skipuleggjenda heimsmeistaramótsins í handbolta árið 1995 og því komið fyrir á skyggni Laugardalshallarinnar sem eins konar táknmynd mótsins.

Ári eftir mótið hafi Bessastaðahreppur keypt verkið og var það vígt á íþróttasvæði sveitarfélagsins ári síðar. Fram kemur að viðhaldi verksins hafi ekki verið sinnt í framhaldinu og hafi það síðan verið fjarlægt án tilkynningar til höfundar.

Samkvæmt höfundarréttarlögum er það brot á sæmdarrétti höfundar að breyta verkinu eða misfara með það á einhvern hátt og telur Myndstef að ofangreind háttsemi feli í sér slíkt brot. Fékk Garðabær vikufrest til að svara erindinu og var bæjarstjóra falið að sjá til þess.

– **þþ**

## Óvenjulegt fjölskyldulíf

Fjölskyldulífið er á flestum heimilum afar óvenjulegt þessa dagana vegna samkomubanns og rasks á vinnustöðum og skólum. Hjónin Fjóla María Ágústsdóttir og Haukur Þór Hauksson og synir þeirra, Breki Hilmar, Hugi Steinn og Haukur Ágúst laga sig að aðstæðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Búast við meiri veikindum og auknu álagi

**COVID-19** Á blaðamannafundi almannavarna í gær kom fram að staðfest smit COVID-19 væru orðin 250 talsins. Fimm manns liggja nú á Landspítalanum og tveir á gjörgæsludeild. Þá eru í kringum 2.400 manns í sóttkví í sex landshlutum

**» Fimm manns liggja nú á Landspítala og tveir á gjörgæsludeildinni.**

en 6.500 sýni hafa verið tekin á Landspítala og hjá Íslenskri erfðagreiningu. Alma Möller landlæknir sagðist búast við að fleiri færu að veikjast og að álagið á heilbrigðiskerfið myndi aukast. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði mikið spurt um hvort hægt væri að smitast í tvígang. Samkvæmt erlendum rannsóknum er það mögulegt en afar sjaldgæft. – **khg**

# Þjóðin finni leið til að gleðjast án Eurovision

**Verkefnastjóri á RÚV er opinn fyrir hugmyndum um afþreyingu fyrir þjóðina eftir að Eurovision var aflýst í gær. Áhrif þess að aflýsa keppninni munu sjást víða og segir Páll Óskar að þjóðin muni þó finna leið til að gleðjast í vor.**

**COVID-19** „Við erum byrjuð að ræða hvort við gerum eitthvað og hvað við gerum," segir Rúnar Freyr Gíslason, verkefnastjóri á RÚV og fjölmiðlafulltrúi íslenska Eurovision hópsins. Í gær tilkynnti yfirstjórn Eurovision að keppninni sem fram átti að fara í Rotterdam í Hollandi í maí á þessu ári hefði verið aflýst vegna COVID-19 faraldursins. Samkomubann hefur verið sett á í landinu.

„Það virðist vera alveg á hreinu að það verði engin keppni í ár svo nú er stóra spurningin sú hvað verður um öll þau lög og þá flytjendur sem unnu forkeppnir í sínum heimalöndum, munu þau keppa að ári?" segir Rúnar og bætir við að yfirstjórn Eurovision vinni nú að því að svara þeirri spurningu í samvinnu við sjónvarpsstöðvar í Evrópu.

Spurður að því hvort eitthvað verði gert hér á landi á þeim tíma sem keppnin fer vanalega fram verði lífið aftur farið að ganga sinn vanagang, segir Rúnar að allt sé opið í þeim efnum. „Allar hugmyndir eru vel þegnar og þó að maður sé svekktur þá er Eurovision ekki stærsta vandamálið í heiminum í dag. Lagið hans Daða lifir sama hvað og það er hlustað á það um allan heim," segir hann.

Páll Óskar Hjálmtýsson, tónlistarmaður og fyrrverandi Eurovision keppandi, tekur undir orð Rúnars og segir að þjóðin muni finna leið til að gleðjast í vor líkt og síðastliðin vor. „Þessi ákvörðun hefur ekki verið tekin í flýti og hún er líklega tekin núna vegna þess að með réttu ætti forvinna við svona stóran viðburð að vera byrjuð," segir hann.

„Það er hins vegar hægt að skipuleggja dansiball eða minni viðburði með stuttum fyrirvara og þó við vitum ekki hvenær samkomubanni verður aflétt þá get ég lofað þér því að þegar það gerist eigum við öll eftir að hlaupa út eins og beljur að vori og taka beljudans saman," segir Páll Óskar, en undanfarin ár hefur hann haldið afar vel sótt Eurovision böll að kvöldi keppninnar.

Ekki er enn ljóst hvort Daði og Gagnamagnið verða framlag Íslands í Eurovision þegar keppnin verður haldin árið 2021. MYND/MUMMI LÚ

**Allar hugmyndir eru vel þegnar og þó að maður sé svekktur þá er Eurovision ekki stærsta vandamálið í heiminum í dag.**

Rúnar Freyr Gíslason

Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona tók þátt í keppninni í Ósló árið 2010 og segir hún afleiðingar þess að aflýsa Eurovision hafa áhrif á stóran hóp fólks. „Þetta er auðvitað rosalegt fyrir minn eurobransa," segir hún. „Svo vinnur auðvitað stór hópur fólks við hljóð, ljós og framleiðslu keppninnar ásamt því að hverjum keppanda fylgir 20 til 50 manna teymi. Svo eru margir fyrrverandi keppendur enn að fá tekjur af giggum í kringum keppnina."

Hera átti að fara til Ástralíu í lok mánaðarins og koma þar fram í tengslum við Eurovision og einnig var hún með bókaða viðburði í Rotterdam þegar keppnin átti að fara fram. „Við gömlu keppendurnir skiptum ekki miklu máli í stóra samhenginu. Daði og Gagnamagnið hafa fjárfest í þessu verkefni í marga mánuði og vonandi fá þau að fara á svið eftir ár. Áfram Daði og Gagnamagnið, ykkar tími mun koma," segir Hera. **birnadrofn@frettabladid.is**

ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

FRÁBÆRT ÚRVAL Á STAÐNUM. VERIÐ VELKOMIN

# TILBOÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

**BMW X1 Xdrive 18d**
Nýskr. 04/16, ekinn 95 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.790.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**3.290.000 kr.**
**40.245 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**SKODA Octavia Ambition**
Nýskr. 03/15, ekinn 91 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 2.390.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**1.890.000 kr.**
**23.277 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 03/17, ekinn 78 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 2.890.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**2.390.000 kr.**
**29.337 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**VW Golf Comfortline**
Nýskr. 04/18, ekinn 91 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.690.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**2.290.000 kr.**
**28.125 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**TOYOTA Yaris Style**
Nýskr. 01/18, ekinn 20 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.490.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**2.090.000 kr.**
**25.701 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**DACIA Duster 4x4**
Nýskr. 06/17, ekinn 86 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 1.990.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**1.590.000 kr.**
**19.641 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 06/18, ekinn 63 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.990.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**4.490.000 kr.**
**54.790 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**SUZUKI Vitara GLX**
Nýskr. 05/16, ekinn 86 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.890.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**2.390.000 kr.**
**29.337 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**SUBARU Forester Premium**
Nýskr. 05/18, ekinn 60 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 4.390.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**3.890.000 kr.**
**47.517 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**HYUNDAI Santa Fe III Style**
Nýskr. 05/17, ekinn 94 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 5.090.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**4.590.000 kr.**
**56.002 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**RENAULT Captur Intens**
Nýskr. 12/15, ekinn 54 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 2.190.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**1.690.000 kr.**
**20.853 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**HYUNDAI i30 Classic**
Nýskr. 05/16, ekinn 82 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.490.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**1.090.000 kr.**
**13.581 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**RENAULT Talisman Intens Sp. Tourer**
Nýskr. 12/16, ekinn 121 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.090.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**2.690.000 kr.**
**32.973 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**NISSAN Pulsar Acenta**
Nýskr. 04/17, ekinn 74 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.190.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**1.690.000 kr.**
**20.853 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

**HYUNDAI Tucson Classic 4wd**
Nýskr. 06/18, ekinn 58 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.990.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**
**3.490.000 kr.**
**42.669 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

Lykill

Allt að 80% lán

Ástandsskoðun

Fjármögnun á staðnum

**Opnunartímar:**
**Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18**
**föstudaga 9-17, laugardaga 12-16**

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

ENNEMM / SÍA / NM00385 E

# Segir langflesta fylgja reglum sóttvarnayfirvalda um sóttkví

**COVID-19** Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, segir að framkvæmd sóttkvíar hafi almennt gengið vel. Í sumum tilvikum geti aðstæður verið snúnar en fólk sé á heildina litið samvinnuþýtt.

Um 2.400 manns eru nú í sóttkví, svipað og íbúafjöldi Hveragerðis, og hækkar sú tala dag frá degi. Augljóst er að löggæslukerfið myndi illa ráða við að fylgjast grannt með hverjum og einum.

Víðir segir að reglurnar séu mjög skýrar, það er ef viðkomandi er í sóttkví eigi hann ekki að hafa samneyti við einstaklinga aðra en heimilisfólk, og að embættið hafi fengið ábendingar um hugsanleg brot. „Við höfum kannað þessi mál og í nánast öllum tilvikum hefur þetta ekki átt við rök að styðjast," segir hann. Skýringar geta verið til dæmis að einstaklingur hafi lokið sóttkví eða að sóttkví hafi verið aflétt þar sem prufa hafi reynst neikvæð fyrir veirunni. „Fólk er almennt samvinnuþýtt og 99 prósent eru með okkur í þessum aðgerðum."

**Víðir segir fólk og fyrirtæki hugmyndaríkt í útfærslum á samkomubanni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samkvæmt Víði getur útfærsla tveggja vikna sóttkvíar verið snúin fyrir marga enda verulegt rask á daglegu lífi, en sjálfur dvelur hann á hóteli þar sem kona hans og dóttir eru í sóttkví. Þá hefur útfærslan á samkomubanninu og tveggja metra reglu verið flókin fyrir fyrirtæki og þjónustuaðila. Embættið hefur fengið ábendingar um að reglum sé ekki fylgt á ákveðnum vinnustöðum. „Fólk hefur verið hugmyndaríkt við að reyna að leysa þetta og við reiknuðum með að fólk þyrfti nokkra daga til að finna taktinn og aðlaga sig," segir Víðir.

„Fyrirspurnum og ábendingum hefur fækkað snarlega milli daga þannig að ég býst við að flestir séu komnir með taktinn fyrir næstu vikurnar." – **khg**

> **Við höfum kannað þessi mál og í nánast öllum tilvikum hefur þetta ekki átt við rök að styðjast.**
>
> Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn

**Við Þorragötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Borgin auglýsir matjurtagarða

**REYKJAVÍKURBORG** Matjurtagarðar fyrir sumarið eru nú auglýstir til umsóknar á vef Reykjavíkurborgar.

Leigan er 4.800 krónur fyrir svokallaða fjölskyldugarða sem eru um tuttugu fermetrar hver að stærð og 5.000 krónur fyrir 100 fermetra garðland í Skammadal, sem er innan marka Mosfellsbæjar.

Síðan eru átta fermetra garðar í Logafold sem leigðir eru á 3.400 kr. Matjurtagarðarnir eru samtals um sex hundruð, þar af eru tvö hundruð í Skammadal. Garðar við Jaðarsel í Breiðholti verða hins vegar ekki á vegum í borgarinnar í sumar heldur félagsins Seljagarðs.

„Garðarnir verða merktir og hægt er að sækja um tætingu garða gegn aukagjaldi. Vatn er í öllum görðum. Garðáhöld, plöntur og útsæði fylgja ekki með görðunum," segir á vef borgarinnar.

„Garðarnir verða afhentir 1. maí, en ef veður lofar geta garðyrkjendur byrjað fyrr." – **gar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

# Hvetja alla til að taka upp tólið

**Mikið álag er á vinalínu Rauða krossins vegna COVID-19 faraldursins. Almenningur er hvattur til að hringja í nákomna og þeir sem eiga á hættu félagslega einangrun eru hvattir til að nýta sér símavini.**

**COVID-19** Rauði krossinn hvetur þá sem eru í félagslegri einangrun um þessar mundir og þurfa einhvern til að tala við, til að fá sér símavin. Nú eru rúmlega 180 sjálfboðaliðar í vinaverkefnum Rauða krossins og fleiri hafa sótt um að sinna slíkri þjónustu og er því auðvelt að eignast slíkan vin. Um er að ræða þjónustu í ætt við heimsóknarþjónustu nema það að samskiptin fara fram í gegnum síma.

Fjöldi fólks er í áhættuhópi fyrir COVID-19 og veigra margir sér við að fara út úr húsi til að blanda geði við aðra. Er því mikil hætta á að fólk við slíkar aðstæður lendi í félagslegri einangrun. Búið er að leggja af heimsóknarþjónustu til fólks í áhættuhópi, þeir einstaklingar fá nú símtal í staðinn.

Mikið álag hefur verið á Vinalínu Rauða krossins að undanförnu. Þó að sú þjónusta sé óskert þá hefur þeim sem hringja reglulega verið bent á að eignast símavin, hvort sem það er tímabundið eða til lengri tíma.

„Við mælumst til þess að sjálfboðaliðar okkar hringi styttri símtöl á hverjum einasta degi, fyrir utan lengri símtöl tvisvar í viku, til að koma í veg fyrir félagslega einangrun," segir Kristína Erna Hallgrímsdóttir, umsjónarmaður verkefnisins hjá Rauða krossinum.

Faraldurinn hefur haft áhrif á allt þjóðlífið, en samkvæmt nýlegri könnun Gallup hafa einungis þrjú prósent landsmanna ekki breytt venjum sínum að neinu leyti. Í gær voru staðfest smit hér á landi 250 talsins og um 2.400 manns í sóttkví. Á heimsvísu hafa meira en 200 þúsund smitast og átta þúsund látist.



**Margir veigra sér við að blanda geði við aðra og því er aukin hætta á félagslegri einangrun.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heimsóknir á heilbrigðisstofnanir og dvalarheimili eru bannaðar. Skipulagt félagsstarf eldri borgara liggur niðri að mestu leyti. Nú leggja ríki og sveitarfélög áherslu á að viðhalda grunnþjónustu. Á þriðjudag var stofnað viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa, sem mun vinna með markvissum hætti að því að draga úr rofi á þjónustu. Félög eldri borgara vinna hörðum höndum að lausnum, bæði í samstarfi við sveitarfélög og með því að bjóða upp á leiðbeiningar um notkun snjalltækja.

„Við þurfum að axla samfélagslega ábyrgð og heyra í fólkinu okkar. Taka upp tólið. Maður hefur tekið eftir að það gleymist svo oft að heimsækja eldra fólk, við gleymum okkur svo oft í eigin daglega amstri," segir Kristína. „Margir eiga ekkert tengslanet og það er frábært að þau hafi samband við okkur. Svo eru margir sem eru með fólk á bak við sig en fá samt sjaldan heimsóknir. Við höfum fengið dyggan stuðning frá samfélaginu síðastliðnar vikur og þökkum við þann hlýhug sem við höfum fengið."

**arib@frettabladid.is**

> **Við þurfum að axla samfélagslega ábyrgð og heyra í fólkinu okkar.**
>
> Kristína Erna Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands

# Það er frítt á könnunni hjá Kvikk!

Við bjóðum þér og þínum upp á rjúkandi heitt og frítt kakó og kaffi á næstu Kvikk-stöð Orkunnar. Verið velkomin.

Kvikk
ON THE GO
ORKAN

RÝMI OFNASMIÐJAN
METALSISTEM®
Gott verð og góð þjónusta
Nú fæst METALSISTEM® hillukerfið í Rými

Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

ÁLFABORG
- allt á gólfið -
Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Styrkir úr Tónlistarsjóði
Umsóknarfrestur til 4. maí

**Tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum til verkefna sem framkvæmd verða á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 2020.**

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á **www.rannis.is**. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

**Umsóknarfrestur rennur út 4. maí 2020 kl. 16.00.**
Ekki er hægt að senda inn umsóknir eftir þann tíma.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember.

Umsjónaraðili:
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800, tonlistarsjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Í Langholtsskóla er unnið í smærri hópum og skóladagurinn er styttur hjá nemendum FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hugsa fyrst og fremst um að allt stoppi ekki

**Samkomubann vegna COVID-19 faraldursins setur mark sitt á allt samfélagið þessa dagana og eru skólarnir þar ekki undanskildir. Skólastjóri Langholtsskóla segir foreldra, nemendur og starfsfólk standa sig með miklum sóma.**

**COVID-19** „Starfið hefur eiginlega gengið vonum framar þessa tvo daga. Það sem er gott og jákvætt er að skipulagið hefur allt gengið upp. Nemendur, foreldrar og starfsfólk hafa staðið sig með þvílíkum sóma og virt allar þessar áætlanir sem við höfum gert," segir Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla.

Frá því að samkomubann tók gildi vegna útbreiðslu kórónaveirunnar hefur starf í leik- og grunnskólum landsins tekið miklum breytingum. Unnið er í smærri hópum og er skóladagurinn styttur.

Í gær hafði tveimur grunnskólum í Reykjavík, Háteigsskóla og Klettaskóla, verið lokað tímabundið eftir að smit kom upp meðal starfsmanna. Þá hefur Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga verið lokað og allir nemendur og starfsmenn komnir í sóttkví.

Leikskólarnir Laufskálar, Stakkaborg og Nóaborg í Reykjavík hafa einnig lokað tímabundið, þeir tveir síðarnefndu vegna gruns um smit. Nemendur í 10. bekk Hagaskóla mæta ekki í skólann í dag af sömu ástæðu á meðan beðið er niðurstöðu úr sýnatöku.

> **Við erum ansi heppin með það en það eru nokkuð margir nemendur sem foreldrar kjósa að halda heima.**
> Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri

Hreiðar segir að í Langholtsskóla sé nemendum skipt í tvo hluta og mæti þeir annan hvern dag. „Svo búum við svo vel að vera að vinna mikið rafrænt á unglingastigi og þar getum við mætt nemendum betur með fjarkennslu," segir Hreiðar.

Hann segir að nú skipti mestu máli að halda lífinu gangandi og búa til rútínu fyrir nemendur.

„Kennslan er auðvitað ekki sú sama. En það er bara þetta stóra verkefni í samfélaginu að halda hugarró. Svo vitum við auðvitað ekki hvernig næsti dagur verður. Það sýna allir samstöðu og yfirvegun og ég held þetta geti ekkert orðið mikið betra miðað við aðstæður."

Í skólanum eru um 700 nemendur og starfsmenn eru um hundrað talsins. Enn sem komið er hefur ekkert smit greinst í hópnum. „Við erum ansi heppin með það en það eru nokkuð margir nemendur sem foreldrar kjósa að halda heima."

Hreiðar segir að áætlun hafi verið gerð fyrir þessa viku og svo þurfi að taka stöðuna aftur og gera áætlun fyrir næstu viku.

„Núna erum við fyrst og fremst að hugsa um að halda bara áfram, að stoppa ekki allt saman. Við erum auðvitað bara að taka þátt í þessu eins og allt samfélagið að dreifa þessu álagi og halda út eins lengi og við getum," segir Hreiðar.

**sighvatur@frettabladid.is**

# Segja unnið hörðum höndum að því að tryggja stöðu lyfjabirgða í landinu

**COVID-19** „Unnið er hörðum höndum að því að tryggja stöðu lyfjabirgða með öllum hagsmunaaðilum," segir í svari Lyfjastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Alma Möller landlæknir minnti á upplýsingafundi á þriðjudag lyfjafræðinga í apótekum á fyrirmæli Lyfjastofnunar um að afgreiða ekki meira af lyfjum en venjulega. Og fylgja þeim tíma sem eigi að líða á milli afgreiðslna á fjölnota lyfseðlum.

„Við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en að fyrirmælum stofnunarinnar hafi verið fylgt af lyfsölum," svarar Lyfjastofnun fyrirspurn Fréttablaðsins af þessu tilefni.

„Lyfjastofnun hefur orðið vör við nokkra aukningu og hefur því biðlað til allra að hamstra ekki lyf til að ógna ekki stöðu lyfjabirgða á landinu að óþörfu," segir jafnframt í svörum stofnunarinnar. „Við sjáum nokkra aukningu og er hún nokkuð jöfn milli lyfja."

Landlæknir vill að lyfsalar fylgi fyrirmælum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Enn fremur segir Lyfjastofnun að birgðastaða lyfja í landinu sé góð. „Er þar hægt að þakka góðu samstarfi við alla hagsmunaaðila í aðfangakeðju og sölu lyfja. Fylgst er með stöðunni daglega og gripið til aðgerða þegar þörf krefur," segir í svörunum.

Þá kveður Lyfjastofnun ekki útlit fyrir lyfjaskort eins og málin horfa við nú. „Lykilatriði er að fólk taki ekki upp á því að hamstra lyf því það er engin þörf á því," er ítrekað í svarinu.

Minnt er á að fram hafi komið að gripið hafi verið til ráðstafana í Evrópu til að sporna við lyfjaskorti. Lyfjastofnun eigi í stöðugum samskiptum við alla hagsmunaaðila hér heima og erlendis sem geti minnkað líkur á lyfjaskorti vegna COVID-19. „Fylgst er grannt með stöðu mála og hún endurmetin daglega." **– gar**

# CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

**Kynningardagar 19. - 25. mars.**

# 20% afsláttur

**af öllum CLINIQUE vörum**

**Glæsilegur kaupauki frá CLINIQUE fylgir* ef keyptar eru CLINIQUE vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.**

*á meðan birgðir endast

## NÝTT!

**Clinique Superdefense SPF40**

Vekur húðina samstundis og gefur henni raka og næringu í 12 klukkustundir. Inniheldur C- og E-vítamín. Heldur húðinni frísklegri og unglegri, vinnur á einkennum öldrunar, ójafnri áferð húðarinnar, þreytumerkjum og ver húðina gegn skaðlegum umhverfisáhrifum og geislum sólarinnar. Olíulaust.

**HAGKAUP**

*Snyrtivara*

Fáir hlustuðu á þennan roskna sekkjapípuleikara sem stóð á Westminsterbrú í Lundúnum og blés í hljóðfæri sitt. 2600 tilfelli af COVID-19 hafa komið upp í Bretlandi og látnir eru nú fleiri en 100.

Valentina, starfsmaður spænska þingsins, sótthreinsar púltið áður en Pedro Sanchez forsætisráðherra tilkynnir um allsherjar hættuástand í landinu. Aðeins hluti þingmanna gat hlustað á ávarpið vegna fjöldatakmarkana.

Donald Trump Bandaríkjaforseti flutti ávarp með sérstöku COVID-19 teymi. 1500 ný tilfelli hafa komið upp í landinu og látnir eru nú yfir 100. Trump hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir sein viðbrögð við veirunni og að nota hana til að koma höggi á Kínverja og Evrópu.

Vörður við minnisvarða um óþekkta hermanninn í Róm. Nærri 32 þúsund tilfelli af COVID-19 hafa komið upp á Ítalíu og 2500 dauðsföll. Stjórnvöld hafa sett á víðtækar lokanir og hömlur á borgara og fyrirtæki. MYNDIR/EPA

Ítalska skemmtiferðaskipið AidAmira í sóttkví í höfninni við Höfðaborg í Suður-Afríku. Um borð eru 1240 farþegar, og tæplega 500 starfsmenn. Sex farþegar með einkenni voru prófaðir en reyndust ekki smitaðir af veirunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

+PLÚS

# Fengu óvænta útitónleika

**„Það er náttúrulega heimsóknabann og allt félagsstarf hefur verið fellt niður svo okkur langaði til að gleðja fólkið og koma því á óvart," sagði söngkonan Selma Björnsdóttir sem tók þátt í að skipuleggja útitónleika fyrir íbúa á Hrafnistu í Garðabæ í gær.**

ergomotion®

**20%**
af öllum stillanlegum heilsurúmum

# Upphaf nýrra **drauma!**

## Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

**Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.**

**Tilboðsverð frá**
**307.608 kr.**
Hjónarúm 2x90x200 cm
**Fullt verð frá 384.510** kr

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

MARKAÐURINN

# Útgáfan vinni gegn peningastefnunni

**Verðhrun varð á skuldabréfamarkaði vegna ákvörðunar Lánamála um að stórauka útgáfu ríkisbréfa. Forstöðumaður hjá Júpíter segir brýnt að Seðlabankinn styðji við fjármögnun á hallarekstri ríkisins. Hagfræðingar vilja að bankinn skoði mótvægisaðgerðir.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladi

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sem sjást hér, kynntu ákvarðanir nefnda bankans á fundi hans í gærmorgun ásamt Þórarni G. Pétursyni, framkvæmdastjóra hagfræði og peningastefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter, segir mikilvægt að Seðlabanki Íslands horfi til annarra seðlabanka og styðji beint eða óbeint við fjármögnun á hallarekstri ríkissjóðs.

Bankinn verði að gefa afdráttarlaus skilaboð í þá veru „svo að markaðsvextir fari ekki að rjúka hér upp á versta tíma og eyði út þeirri slökun í peningalegu aðhaldi sem bankinn er að reyna að miðla áfram“.

Hann segir hallarekstur ríkissjóðs hanga „eins og sverð Damóklesar yfir markaðinum“.

Skuldabréfafjárfestar tóku illa í óvænta ákvörðun Lánamála ríkisins um að stórauka útgáfu ríkisbréfa á öðrum fjórðungi ársins – þannig að hún geti orðið allt að fjörutíu milljarðar króna – en til marks um það rauk ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisbréfa upp í viðskiptum gærdagsins.

Sem dæmi hækkaði krafa slíkra bréfa á lengri endanum um á bilinu 14 til 32 punkta. Vextir á útlánum meðal annars banka og lífeyrissjóða fylgja að jafnaði breytingum á kröfu umræddra bréfa.

„Mér heyrist markaðurinn hafa nokkrar áhyggjur af því að stóraukið framboð ríkisbréfa geti vegið gegn þeirri viðleitni Seðlabankans að lækka vaxtastigið í hagkerfinu,“ segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka.

Hann telur þó rétt að „leyfa rykinu að setjast í þeim efnum“, eins og hann orðar það, „enda á bæði eftir að skýrast hversu umfangsmikil slík útgáfa verður og eins því hvort spurn lífeyrissjóða og annarra innlendra aðila eftir ríkistryggðum bréfum muni ekki aukast á komandi vikum og mánuðum“.

Eftir hálfs prósentustigs stýrivaxtalækkun peningastefnunefndar í gær – úr 2,25 prósentum í 1,75 prósent – hafa vextir bankans lækkað um 2,75 prósentustig frá því í maí í fyrra.

Fram kom í máli Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra á fundi Seðlabankans í gærmorgun að bankinn byggi yfir „ótal tækjum“ til þess að bregðast við því efnahagsáfalli sem nú dynur yfir vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. „Við erum bara rétt að byrja,“ sagði Ásgeir.

Aðspurður segir seðlabankastjóri að það sé möguleiki að þau tæki verði dregin fram á næstu vikum.

„Við erum að skoða hvert og eitt þeirra um þessar mundir. Núna vorum við að beita einu þeirra, með lækkun sveiflujöfnunaraukans, en við getum líka meðal annars beitt efnahagsreikningi bankans. Við erum hins vegar lítið opið hagkerfið og það gerir hlutina ekki auðveldari heldur erfiðari,“ segir Ásgeir í samtali við Markaðinn.

Auk vaxtalækkunar peningastefnunefndar ákvað fjármálastöðugleikanefnd bankans að aflétta tveggja prósenta kröfu um sveiflujöfnunarauka á banka, en afléttingin skapar svigrúm til nýrra útlána til sem nemur allt að 350 milljörðum króna.

### Lausafé að þurrkast hratt upp

Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku, segir að mörgu leyti skiljanlegt að ríkið vilji auka útgáfu ríkisbréfa til þess að fjármagna fyrirséðan hallarekstur. Spurningin sé hins vegar hver eigi að kaupa bréfin. Ekki sé víst að það sé skynsamlegt að ríkið dragi til sín mikið innlent lausafé á meðan slíkt fé sé að þurrkast hratt upp í einkageiranum.

„Ef lífeyrissjóðirnir draga úr erlendum fjárfestingum sínum vegna stöðunnar á erlendum mörkuðum,“ útskýrir hún, „gætu þeir vel keypt útgáfuna.

Hins vegar þarf að spyrja sig hvort það sé skynsamlegt að innlendir aðilar kaupi útgáfuna við núverandi aðstæður þar sem víða er verið að ganga á sjóðsstöðu. Í mörgum tilfellum eru litlar sem engar tekjur að koma inn. Ef ríkið tekur þessar krónur til sín fjarlægir það lausafé úr einkageiranum.

Þó krónurnar rati smám saman aftur út í kerfið í formi ríkisumsvifa tekur það tíma. Miðað við hvað hlutirnir eru að þróast hratt þessa dagana gæti það skapað vandamál til skamms tíma á meðan fjármagnið er ekki í umferð. Umfang þessara aðgerða og tímalína skiptir því miklu máli,“ nefnir Kristrún.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, segir það augljóst að fyrirhuguð ríkisbréfaútgáfa muni hafa áhrif á lausafjárstöðuna í kerfinu ef ekki verði gripið til neinna stýfingaraðgerða á móti.

„Það er ljóst að íslenska ríkið mun, rétt eins og önnur ríki, þurfa að fjármagna stóran hluta af innspýtingaraðgerðum sínum með lántöku. Í langflestum tilfellum hafa seðlabankar ríkjanna hins vegar einhverja aðkomu að því,“ nefnir Daníel.

Hann segist ekki efast um að bein skuldabréfakaup Seðlabankans komi til greina ef það verði mikil lausafjárþurrð í kerfinu. Það eigi eftir að skýrast.

Seðlabankastjóri sagðist á fundinum í gær ekki útiloka slíkar aðgerðir. Þær hefðu þó ekki enn komið til tals á vettvangi peningastefnunefndar.

### Skoði mótvægisaðgerðir

Kristrún segist hafa skilning á því að Seðlabankinn sé ekki tilbúinn, eins og er, til þess að ráðast í bein skuldabréfakaup á markaði. Þó sé mikilvægt að bankinn skoði ýmsar mótvægisaðgerðir við ríkisútgáfuna ef hún fer í hendur innlendra fjárfesta, en í því sambandi nefnir hún meðal annars að hann geti gert fleiri bréf, til dæmis bankabréf og fasteignabréf, veðhæf í viðskiptum við sig.

„Það þarf þó að hafa í huga að bankabréfin eru tryggð með húsnæðislánum og er ekki sjálfgefið að gefa endalaust út af slíkum bréfum á skömmum tíma,“ útskýrir Kristrún og bætir við:

„Þá er Seðlabankinn einnig að eftirláta bönkunum peningaprentunarvaldið að hluta til með því að gera bréfin veðhæf.

Ef til vill er þá allt eins gott að hann stígi bara sjálfur inn. Kannski þarf að gera bæði ef aðstæður halda áfram að breytast. Aðalmálið nú er að Seðlabankinn komi þeim skilaboðum skýrt á framfæri að hann sé meðvitaður um lausafjárstöðuna í kerfinu og að hann muni passa upp á hana ef útgáfa ríkissjóðs skapar tímabundinn skort á lausafé,“ nefnir hún.

Aðspurður um þau ummæli Ásgeirs að bankinn sé „rétt að byrja“ í aðgerðum sínum, segir Daníel að mögulega sé verið að vísa til frekari vaxtalækkana. Hafa verði þó í huga að slík aðgerð hjálpi fyrirtækjum ekki endilega við að fleyta sér í gegnum lausafjárvanda, þó svo að vaxtalækkanir séu hjálplegar þegar efnahagsbatinn hefst.

Jafnframt geti seðlabankastjóri verið að vísa til þess að bankinn muni beita sér með kaupum á bréfum á markaði eða frekari inngripum á gjaldeyrismarkaði.

„Venjulega eru seðlabankar fremur varkárir í yfirlýsingum sínum og gefa lítið til kynna um aðgerðir nema þær séu tilbúnar. Þess vegna voru þessi ummæli dálítið sérstök,“ segir Daníel.

## Seðlabankastjóri segist hafa orð bankanna sem tryggingu

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist hafa orð bankanna sem tryggingu fyrir því að þeir muni fara eftir tilmælum fjármálastöðugleikanefndar sem hefur brýnt fyrir þeim að taka tillit til þeirrar óvissu sem uppi er í þjóðarbúskapnum við ákvörðun um útgreiðslu arðs og endurkaup á eigin hlutabréfum á komandi misserum.

Spurður hvort nefndin sé í yfirlýsingu sinni einkum að beina orðum sínum til Arion banka, sem er eini bankinn í einkaeigu og skráður á markað, segir Ásgeir að svo sé ekki enda hafi eigandi hinna bankanna, ríkissjóður, einnig verið með áform um arðgreiðslur.

Fjármálastöðugleikanefndin segist einnig „ætlast til þess að það svigrúm sem lækkun sveiflujöfnunaraukans skapar, verði notað til að styðja við heimili og fyrirtæki. Fylgst verður vel með viðbrögðum bankakerfisins,“ segir í yfirlýsingu hennar.

Ásgeir segist hafa átt samtal við forsvarsmenn bankanna í síðustu viku þar sem þeim hafi verið gert ljóst að lækkun sveiflujöfnunaraukans kæmi aðeins til greina að uppfylltum þeim skilyrðum.

**Aðalmálið nú er að Seðlabankinn komi þeim skilaboðum skýrt á framfæri að hann sé meðvitaður um lausafjárstöðuna í kerfinu.**

Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku

**Hallarekstur ríkissjóðs hangir eins og og sverð Damóklesar yfir markaðinum.**

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter

Hafnarfjöll séð úr vestri af Mýrum, sjónarhorn sem flestir tengja við og þá sérstaklega snarbrattar skriður í vesturhlíðunum. Upp úr þeim standa klettanef sem kallast Flyðrur. MYND/TG

# Í himnesku veðravíti

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Allir Íslendingar hafa keyrt undir Hafnarfjalli á leið sinni norður eða vestur á land. Reyndar er um fjallaklasa að ræða og nafnið Hafnarfjöll, eins og þeirra er getið í Eglu og Landnámu, því meira viðeigandi. Er talið að landnámsjörð Skallagríms Kveldúlfssonar hafi náð suður að þessum tignarlegu fjöllum sem kennd eru við bæinn Höfn við sunnanverðan Borgarfjörð. Við rætur Hafnarfjalls er Hafnarskógur, birkiskógur sem má muna sinn fífil fegurri, aðallega vegna ofbeitar.

Hafnarfjöllin láta hins vegar ekkert á sjá, eins og íbúar Borgarness geta vitnað um, en fá ef nokkur bæjarstæði á Íslandi geta státað af öðru eins útsýni. Þarna er þó óveðrasamt og flestir landsmenn tengja veginn undir Hafnarfjalli við sviptivinda sem geta lokað þjóðveginum. En veðravítið á sér aðra og bjartari hlið því í góðu veðri eru Hafnarfjöll tvímælalaust með skemmtilegri gönguleiðum á suðvesturhorni landsins.

Flestir hefja gönguna á Hafnarfjöll að norðanverðu, skammt frá Borgarfjarðarbrú, en einnig má leggja til atlögu að sunnanverðu frá Ölveri. Frá bílastæði norðan megin er gengið upp allbrattan hrygg vestan megin á Hafnarfjalli. Niður af honum blasa við svokallaðar Flyðrur, klettanef sem standa upp úr skriðunum vestan í fjallinu, og setja sterkan svip á Hafnarfjall. Þarna býðst einstakt útsýni yfir Faxaflóa, sunnanvert Snæfellsnes og Snæfellsjökul, en líka Borgarnes og Borgarfjörð. Áfram er haldið í austur á hæsta tindinn, Gildalshnjúk (854 m) en af honum blasir við vestanvert miðhálendið líkt og Skessuhorn, Skarðsheiði, Akrafjall og Esja.

Næst tekur við svipmesti tindur fjallgarðsins sem á mörgum kortum er nafnlaus en sumir kalla Þvertind eða Miðtind. Af honum er haldið niður á við að nafnlausri geil sem liggur í gegnum mikið klettabelti og getur verið snúið að finna. Þarna verður að troðast í gegn til að bæta við fleiri tindum sem bíða í snyrtilegri röð og afmarka skeifulaga dalverpi. Þeirra helstir eru Klausturtunguhóll (751 m), síðan Katlaþúfa (778 m), Þverfell (682 m) og Tungukollur (635 m) uns komið er niður í Innra-Seleyrargil.

Aðeins lengri en síður brött leið liggur niður í Grjóteyrardal. Þetta er tæplega 9 km hringur sem ætti að vera flestum fær og tekur daginn. Helsta áskorunin er að finna geilina í klettabeltinu og því skynsamlegt að vera í för með staðkunnugum og notast við GPS-ferla. En í góðu veðri eru Hafnarfjöll himnaríki líkust og gangan frábær skemmtun.

Fókus á hjarta landsins

Ganga eftir Hafnarfjöllum er algjör tindaveisla og útsýnið frábært. Hér er horft til suðurs. MYND/ÓMB

Útsýni til austurs af Hafnarfjalli. MYND/ÓMB

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Kona til vara

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Einn valdamesti og um leið hættulegasti maður heims situr í Hvíta húsinu og sendir nær daglega frá sér alls kyns fjarstæðu á Twitter. Þar trompar hann sjálfan sig hvað eftir annað, eins og hann gerir á blaðamannafundum þar sem opinberast greinilega að hann hefur nánast ekkert vit á þeim málum sem hann er að tjá sig um.

Það er til háðungar fyrir Bandaríkin að maður af þessari sort skuli hafa verið kosinn forseti Bandaríkjanna. Það hlýtur einnig að teljast áfellisdómur yfir Bandaríkjunum að ekki skuli finnast öflugur frambjóðandi gegn honum. Karlmennirnir tveir sem nú etja kappi um að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins eru hátt á áttræðisaldri og bera með sér hrumleika. Í hvert sinn sem þeim bregður fyrir á sjónvarpsskjá í kappræðum eða viðtölum óttast velviljaðar sálir einna mest að þeir muni hníga niður, ellimóðir.

Vitanlega yrðu bæði Joe Biden og Bernie Sanders himnasending í embætti forseta Bandaríkjanna miðað við það stórslys sem Donald Trump er. Freistandi er að ætla að Bandaríkjamenn hefðu getað fundið ferskari frambjóðendur. En ekki vildu þeir konu með hugmyndir og lausnir og ekki vildu þeir heldur nútímalegan samkynhneigðan frambjóðanda.

Síst skal því haldið fram að fólk sem er komið á elliár hafi ekkert fram að færa. Það býr yfir lífsreynslu og þroska og vonandi visku sem það getur auðveldlega deilt með öðrum. En óneitanlega er auðvelt að verða hugsi yfir þeirri staðreynd að forseti Bandaríkjanna er 73 ára og keppinautarnir í Demókrataflokknum sem setja stefnuna á eitt valdamesta embætti heims eru 77 ára og 78 ára. Myndin sem heimurinn fær af valdastrúktúr í bandarískum stjórnmálum er af samfélagi gamalla karla sem telja sér allt fært. Eitt af fáum gleðilegum uppbrotum í þessari karlasamsetningu er þegar Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, sýnir af sér alkunnan skörungskap, 79 ára gömul. Hún er undantekning frá því sem virðist vera regla, að konur sem komnar eru af léttasta skeiði fái ekki vinnu.

Fyrir fram hefði mátt ætla að fjarska auðvelt yrði að vinna Donald Trump í forsetakosningum, eftir að hann hefur hvað eftir annað opinberað algjöra vanhæfni sína í embætti. Stórum hópi kjósenda þykir samt töff að hann skuli líta á konur sem leikföng, stimpla múslima sem hryðjuverkamenn og flokka stóra hópa innflytjenda sem glæpamenn. Hann þykir ímynd hins sterka karlmanns sem segir það sem aðrir hugsa en þora ekki að segja upphátt.

Joe Biden lýsti því yfir fyrir skömmu að hann vildi að varaforsetaefni sitt yrði kona. Bernie Sanders lýsti sömuleiðis yfir áhuga á að velja konu sem varaforsetaefni sitt. Heimurinn þarf á því að halda að losna við Donald Trump úr embætti. Ef sá sem velst til þess að velta honum úr sessi er karlmaður um áttrætt þá verður svo að vera. Sá öldungur verður með konu með sér – til vara. Konur fá einmitt oft slíkt hlutverk; að vera bara til vara.

**Vitanlega yrðu bæði Joe Biden og Bernie Sanders himnasending í embætti forseta Bandaríkjanna miðað við það stórslys sem Donald Trump er.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Áttum að vinna**

**Kórónuveiran var slæm og óþolandi fyrir, en nú þegar búið er að blása af Eurovision vegna faraldursins er virkilega reynt á þolinmæði okkar Íslendinga. Sem betur fer náðum við að halda undankeppni til að svala þorsta okkar fyrir missæmilegri músík. Við höfum alltaf vitað að við værum að fara að vinna keppnina. Við vissum að við myndum vinna með Gleðibankanum fyrir nærri fjórum áratugum og sumir eru enn að bíða eftir að sænska lagið frá 1999 verði dæmt ógilt og Selma krýnd réttmætur sigurvegari. Sama ætti við um Norðmanninn með fiðluna árið 2009 ef hann væri ekki svona fjári krúttlegur.**

**Aldrei gleymt**

**Síðustu ár höfum við alveg getað sagt okkur að við myndum ekki vinna, samt með þá von í maganum að Evrópa fengi „Ég á líf“ eða pappírslagið með Svölu á heilann. Daði og Gagnamagnið var það sem átti að fleyta okkur alla leið. Það hafa veðbankar sagt og tilfinning okkar. Þessa árs verður ávallt minnst sem ársins sem Ísland fékk ekki að vinna Eurovision. Það mun áttræður Gísli Marteinn minna okkur á við upphaf útsendingarinnar á keppninni árið 2050. Líklega verður þessi aumingjans þjóð þá enn sigurlaus í þessari keppni sem við dáum svo.**

**arib@frettabladid.is**

# Framlag listafólks lofsvert

Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra.

Þegar á reynir hefur íslenska þjóðin styrkt böndin og horft fram á við. Nú stöndum við sannarlega frammi fyrir flóknum viðfangsefnum í baráttunni við COVID-19, ekki síst vegna samkomubanns sem síðast var í gildi fyrir rúmri öld. Fyrsta skrefið í baráttunni gegn veirunni snýr að heilsuvernd, enda nauðsynlegt að hefta útbreiðslu hennar. Samhliða þarf að huga að efnahagslegum og félagslegum viðbrögðum. Neikvæð efnahagsleg áhrif veirunnar eru einhver þau mestu sem alþjóðakerfið hefur séð í langan tíma. Þess vegna þarf umfang efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar að vera verulegt.

Þrátt fyrir þessar fordæmalausu aðstæður er afar brýnt að hlúa að menningunni. Íslenskt menningarlíf hefur lengið staðið í blóma og mun áfram blómstra þótt tímabundinn skuggi hafi fallið á samfélagið. Útilistaverk færa okkur gleði í nauðsynlegum heilsubótargöngum. Íslenskir listamenn, menningarstofnanir og sjálfstæðir listhópar hafa einnig fundið leiðir til að færa okkur menninguna heim. Streymi, beinar útsendingar og upptökur frá tónleikum, upplestri og leiksýningum eru hafnar og bækur bíða lestrar á náttborðum um allt land. Myndlist bætir lit í gráan hversdagsleikann og íslenskar kvikmyndir létta lund margra, sem komast ekki út meðal fólks.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur stofnað samráðshóp með helstu lykilaðilum í menningarmálum um land allt, til að vinna að því mikilvæga verkefni að halda uppi starfsemi listastofnana við þær óvenjulegu aðstæður sem hafa nú skapast. Fundir hópsins sýna að mikil samstaða ríkir og eru allir reiðubúnir að leggjast á eitt til að minnka skaðann.

Ekkert af þessu er þó sjálfsagt. Við höfum valið að fjárfesta í menningu og listum með margvíslegum hætti og afraksturinn er óumdeildur. Núverandi aðstæður hafa til dæmis komið illa við tónlistarmenn, sem hafa orðið fyrir miklu tekjutapi vegna viðburða, sýninga og tónleika sem fallið hafa niður. Í mörgum tilvikum eru þetta listamenn sem eru fyrstir til að gefa vinnu sína fyrir góðan málstað, og nú er það okkar hinna að finna leiðir til að styðja þá. Gerum það sem þarf!

**Þrátt fyrir þessar fordæmalausu aðstæður er afar brýnt að hlúa að menningunni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

# Nú er ógott að eiga sitt undir lýðskrumurum

Þorsteinn Pálsson

Á umliðnum árum hefur átt sér stað pólitísk uppreisn gegn ábyrgð, þekkingu og hyggjuviti víða um heim. Þetta hefur gerst bæði í Ameríku og Evrópu þar sem popúlisminn hefur náð fótfestu. Þessu hefur fylgt þjóðremba og einangrunarhyggja. Jafnframt hefur slaknað á siðferðilegum mælikvörðum.

Fyrir vikið eru Bandaríkin nú úr leik sem forysturíki fyrir þeirri alþjóðlegu samvinnu, sem nú er svo rík þörf á þegar neyðarástand ríkir í heiminum öllum. Og Evrópusambandið er af sömu ástæðu ekki eins samhent og kröftugt og vera þyrfti.

### Ábyrgð og þekking skiptir sköpum

Í þeim heilsufarslegu og efnahagslegu hamförum sem þjóðir heims standa andspænis, skiptir ekki öllu máli hvort ríkisstjórnir standa til hægri eða vinstri eða einhvers staðar þar á milli. Hitt skiptir sköpum, hvort ábyrgð, vitsmunir, þekking og yfirvegun ræður för.

Þjóðir eru verr staddar eftir því sem þær eiga meira undir lögmálum lýðskrumara.

Það er sárt að horfa til Bandaríkjanna í þessu ljósi. Þau eru mesta efnahagsveldi í heimi og þar er saman komin meiri og fjölþættari þekking en annars staðar. En Bandaríkjamenn kusu eigi að síður sjálfhverfan, dómgreindarlítinn og óábyrgan popúlista sem forseta.

### Samstaða kemur ekki af sjálfu sér

Fyrstu viðbrögð forseta Bandaríkjanna við kórónaveirunni voru afneitun. Hún dugði ekki. Þá var málflutningurinn

fluttur á stig númer tvö. Þar var skuldinni skellt á útlendinga, demókrata og fjölmiðla. Fyrst þegar í ljós kom að þrep tvö hafði engin áhrif, var málflutningurinn færður á plan þrjú og þekkingunni hleypt að borðinu.

Þetta hefur leitt til þess að í Bandaríkjunum er ekki sama traust gagnvart því sem gert er eins og víðast hvar annars staðar. Og þar sem ekki er traust reynist erfitt að byggja upp samstöðu. Hún er þó lykilatriði. Án hennar virka fáar af þeim sóttvarnaráðstöfunum sem þjóðir grípa nú til.

### Bandaríkin og Ísland

Áhugavert er að bera gang mála í Bandaríkjunum saman við okkar litla samfélag. Áður en þessir miklu atburðir helltust yfir, sýndu skoðanakannanir að ríkisstjórn Íslands naut álíka fylgis og forseti Bandaríkjanna. Í hvorugu landinu nutu stjórnvöld trausts meirihluta kjósenda.

Ekkert nýtt hefur komið fram um þetta almenna álit. En það er reginmunur á trausti þegar kemur að þeirri tímabundnu neyðarstjórnun, sem alheims veirufaraldurinn kallar á.

Í þessu efni hefur forseti Bandaríkjanna enn minna traust en fyrr. Ríkisstjórn Íslands sýnist hins vegar hafa óskorað traust til þess að sigla þjóðinni í gegnum þennan brimgarð.

Skýringin liggur nær eingöngu í ólíku vitsmunastigi æðstu stjórnar ríkjanna og mismunandi viðhorfi til þekkingar og ólíkri ábyrgðarkennd. Þar munar miklu um framgöngu forsætisráðherra. Við þessar aðstæður hefur líka komið skýrt og sterkt fram að eiginleikar helstu forystumanna í stjórn og stjórnarandstöðu falla saman að þessu leyti, þótt ábyrgðinni sé misskipt.

> Vísindin hafa ekki útrýmt álitamálum þó að þau hjálpi okkur að finna pólitískar lausnir.

### Mikilvægt að lýðræðið virki

Í flestum ríkjum má greina neyðarstjórnunina í þrjá þætti. Í fyrsta lagi eru það aðgerðir, sem lúta að sóttvörnum. Í öðru lagi eru það skyndiráðstafanir til þess að halda súrefni í atvinnulífinu. Í þriðja lagi kemur að því að leggja línur um það efnahagslega umhverfi, sem væntanlega tekur við af neyðarástandinu fyrr en síðar.

Í öllum þáttunum skiptir tíminn máli. Menn mega hvorki vera of bráðir né of seinir. Hefðbundin hugmyndafræði um frjálslyndi eða forsjárstefnu, alþjóðahyggju eða einangrunarstefnu, víkur að mestu varðandi tvo fyrstu þættina.

En rökræða á þessum forsendum er aftur á móti nauðsynleg þegar kemur að þriðja þættinum. Vísindin hafa ekki útrýmt álitamálum þó að þau hjálpi okkur að finna pólitískar lausnir.

Þrátt fyrir sóttvarnir þarf með tæknilegum ráðstöfunum að koma því svo fyrir að dagleg lýðræðisleg umræða á Alþingi skerðist ekki þrátt fyrir öll ósköpin. Mikilvægt er að fólkið í landinu sjái og finni að lýðræðið virki við þessar aðstæður. Það er þáttur í því að viðhalda trausti.

# Tími Framsóknar í efnahagsmálum

Halla Signý Kristjánsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Það er staðreynd að við erum að ganga inn í kólnandi hagkerfi eftir uppsveiflu undanfarinna ára. Þar koma til nokkrar ástæður eins og fækkun ferðamanna og loðnubrestur svo eitthvað sé nefnt. Við þetta bætast svo efnahagsáhrif af völdum COVID-19. Í kólnandi hagkerfi þurfa fyrirtæki gjarnan að hagræða og grípa til uppsagna sem leiðir til aukins atvinnuleysis og minnkandi hagvaxtar. Efnahagsstaða þjóða getur verið sveiflukennd og það þekkjum við í Íslandssögunni. Viðbrögð stjórnvalda hverju sinni hafa áhrif á stöðu og framgang efnahagsmála til framtíðar. Staða ríkissjóðs er sterk og það er sá grunnur sem við getum byggt á þegar við bregðumst við fyrirliggjandi krísu.

**Áform stjórnvalda**

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið fumlaus og ákveðin. Nú hefur þegar verið brugðist við og kynntar aðgerðir sem munu spyrna á móti niðursveiflu í hagkerfinu í þessum fordæmalausu aðstæðum sem skapast hafa vegna COVID-19. Markmiðið með þeim aðgerðum er að styðja við bankakerfið til þess að hægt verði að fleyta fyrirtækjum yfir erfiða hjalla næstu mánuði.

> **Þegar rykið sest verður hægt að fara af fullum krafti í það að efla atvinnulífið.**

Farið verður í ákveðnar skattkerfisbreytingar til þess að lækka álögur og síðast en ekki síst verða settir á bilinu 20-25 milljarðar á ári næstu þrjú árin í innviðaframkvæmdir sem ætlað er að vera innspýting fyrir hagkerfið. Þar eru aðgerðir sem eru mannaflsfrekar og ákveðnar framkvæmdir eru til þess fallnar að efla atvinnutækifæri. Má þar nefna brúagerð, vegaframkvæmdir og hafnarframkvæmdir. Mikilvægt er á tímum sem þessum að stjórnvöld bregðist við með markvissum hætti til að vega upp á móti niðursveiflu í hagkerfinu sem koma bæði atvinnulífinu og þá heimilunum til góða.

**Þegar rykið sest**

Gera má ráð fyrir að COVID-19 muni ganga hér yfir á einhverjum mánuðum og eru stjórnvöld að taka málið föstum tökum. Fyrir liggur að einhverjar raskanir muni verða á hefðbundnu lífi borgaranna en stjórnvöld stefna á að lágmarka þær. Samheldni þjóðarinnar skiptir miklu máli og hefur hún sýnt það í verki með því að fara eftir leiðbeiningunum almannavarna og landlæknis sem er gríðarlega mikilvægt. Þannig komumst við standandi niður úr þessu falli.

Þegar rykið sest verður hægt að fara af fullum krafti í það að efla atvinnulífið. Verður það meðal annars gert með þeim aðgerðum sem farið hefur verið hér yfir sem og öflugu markaðsátaki í ferðaþjónustu og með því réttum við við stærsta atvinnuveg landsins. Það er líka þekkt að upp úr krísum myndast ný tækifæri eins og kom í ljós eftir síðustu krísu. Þjóðarskútan mun rétta sig við og það þekkjum við öll sem búum á landi elds og ísa og stöndum saman nú sem fyrr. Það mun skila sér til komandi kynslóða eins og við öll þekkjum.

# Fjölskyldur hugi að sér og sínum

Ólína Freysteinsdóttir
ráðgjafi



Nú þegar ráðamenn tala um fordæmalausa tíma er mikilvægt að huga að minnstu einingu samfélagsins, fjölskyldunni. Framvarðarsveit landsins hefur komið ágætlega til skila hvernig álag getur birst okkur m.a. í klaufalegum samskiptum og ónærgætni og þá er mikilvægt að geta bakkað, viðurkenna mistök, biðjast fyrirgefningar og fá leyfi til að byrja aftur. Þá talaði landlæknir um mikilvægi húmors sem er mikilvægt verkfæri til að takast á við erfiðleika.

Ljóst er að mikið álag er á kerfinu okkar en gleymum ekki að ræða álagið á fjölskyldurnar. Mikilvægt er að einstaklingar innan fjölskyldu geti rætt og fái samþykki fyrir líðan sinni og áhyggjum. Þá þurfa foreldrar og aðrir sem koma að börnum, að búa til umhverfi fyrir þau þar sem þau geta tjáð sig og á þau er hlustað.

Þá er gagnlegt fyrir foreldra að setjast niður með börnum sínum og má nefna form fjölskyldufunda, en þar gefst fjölskyldumeðlimum kostur á að spyrja spurninga sem og má nýta til að skipuleggja praktíska hluti frá viku til viku, s.s. matarplan, heimilisverk og gæðastundir. Þá er mikilvægt að við reynum að láta þessar aðstæður hafa eins lítil áhrif eins og kostur er. Það getur reynst þrautin þyngri, en eftir fremsta megni að huga að grunnþörfum okkar, s.s. svefni, næringu og hreyfingu. Þá ekki síður að sinna ástinni, gleðinni, örygginu. Vernda hvert annað þegar við erum hrædd, samþykkja skoðanir og líðan hvers annars, síðast en ekki síst að gleðjast saman.

> **Ljóst er að mikið álag er á kerfinu okkar en gleymum ekki að ræða álagið á fjölskyldurnar.**

Fjöldinn allur er af hugmyndum um það sem fjölskyldan getur gert sér til dægrastyttingar og skemmtunar, s.s. leikir, dansar, gátur, galdrar, tilraunir, bakstur, leikritasmíð, tölvuleikir. Einnig er tilvalið að fara af stað með verkefni sem við gefum okkur venjulega ekki tíma til að sinna. Svo eitthvað sé talið má nefna heimaleikfimi, jóga, að gróðursetja fyrir sumarið, para staka sokka, henda myndum í framköllun.

Mikilvægasta eining samfélagsins, fjölskyldan, þarf sérstaka sinnu á þessum skrýtnu tímum og mikilvægt að huga að sér og sínum.

# Leiftursókn gegn félagafrelsi?

Gylfi Kristinsson
stjórnmálafræðingur og fyrrverandi skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu

> **Skatturinn fer offari í lagatúlkun sinni og hún er íþyngjandi fyrir margvíslegt sjálfboðastarf í landinu.**

Forsvarsmönnum almennra frjálsra félagasamtaka brá nokkuð í brún þegar farið var á heimasíðu Skattsins til að ganga frá framtölum ársins. Upp poppaði gluggi þar sem þess var krafist að hlutaðeigandi upplýsti um „raunverulega“ eigendur félags eða félaga. Til frekari áréttingar kröfunni fylgdi hótun um dagsektir ef ekki yrði án tafar brugðist við.

Í 74. gr. Stjórnarskrárinnar er kveðið á um það að menn eigi rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess.

Á heimasíðu Skattsins er að finna eftirfarandi:

„Almenn félög – samtök

Skipulagsbundin félög sem starfa í þágu ófjárhagslegs tilgangs hafa verið nefnd almenn félög. Almenn félög eru skipulagsbundin, varanleg samtök tveggja eða fleiri aðila, sem stofnað er til af fúsum og frjálsum vilja með einkaréttarlegum löggerningi í því skyni að vinna að ófjárhagslegum tilgangi. Þar sem ekki er kveðið á um skipan almennra félaga í lögum skipta ákvæði samþykkta miklu við túlkun á réttarstöðu þeirra auk þess sem meginreglur félagaréttar koma þá til skoðunar. Almenn félög verða lögaðilar þegar þau hafa verið stofnuð og er skráning ekki skilyrði fyrir rétthæfi þeirra. Unnt er að fá þau skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra skv. lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá en þau eru ekki skráningarskyld.

Sem dæmi um almenn félög má nefna stjórnmálaflokka, íþróttafélög, skákfélög, fagfélög, stéttarfélög, samtök vinnuveitenda, mannúðarfélög og menningarfélög.“

Félög sem starfa í þágu ófjárhagslegs tilgangs þurfa að hafa bankareikning m.a. til að varðveita félagsgjöld. Forsenda þess að geta stofnað bankareikning er að félagið hafi kennitölu. Hafi félagið aflað sér kennitölu virðist það lenda sjálfkrafa á fyrirtækjaskrá. Það er þetta atriði sem Ríkisskattstjóri hengir hatt sinn á, vegna þess að í 2. gr. laga nr. 82/2020 sem er forsenda aðgerðanna gegn almennum frjálsum félögum segir: „Lög þessi gilda um lögaðila sem stunda atvinnurekstur hér á landi eða eru skráðir í fyrirtækjaskrá.“

Skatturinn fer offari í lagatúlkun sinni og hún er íþyngjandi fyrir margvíslegt sjálfboðastarf í landinu. Eftirlitsaðilum er í lófa lagið að fylgjast með og bregðast við óeðlilegum umsvifum eða tilfærslu fjármuna á bankareikningum, frekar en að tortryggja alla fyrir fram.

Heilsíðuauglýsingar frá Skattinum, sem birtust í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu fimmtudaginn, 12. mars 2020, benda til þess að mörgum hafi vafist tunga um tönn þegar tilgreina á „raunverulega“ eigendur almennra frjálsra félagasamtaka því fram til þessa hefur verið talið að þau væru í óskiptri sameign félagsmanna. Hverjir eru „raunverulegir“ eigendur þess sem Ríkisskattstjóri skilgreinir sem „almenn félög“? Eru formenn eða prókúruhafar samtakanna „raunverulegir“ eigendur þeirra? Verður ætlast til þess að öll frjáls almenn félög í landinu uppfæri árlega „eigendaupplýsingar“ ? Ekki kærir fólk sig um að vera skráð eigendur félags þar sem aðrir hafa tekið við stjórnartaumunum. Er næsta skrefið að þeir skuli telja félögin fram sem eign sína og borga af þeim viðeigandi skatta og gjöld ef um slíkt er að ræða? Eru alþingismenn samþykkir túlkun Ríkisskattstjóra á ákvæði í 2. gr. laga nr. 82/2020? Hvernig skyldi í framhaldinu verða að fá fólk til að gegna trúnaðarstörfum í almennum frjálsum félögum ef framangreind túlkun Ríkisskattstjóra stendur óhögguð? Hvað segir fólk um þessa sókn skattstjóra gegn félagafrelsinu?

Á blaðsíðu 16 í Fréttablaðinu fimmtudaginn, 12. mars 2020, er birt skopmynd teiknuð af snillingnum Halldóri Baldurssyni, sem tengist því sem hér er til umfjöllunar. Þar hittir hann naglann á höfuðið. Myndin segir meira en mörg orð. Ríkisskattstjóri ætti að ramma þessa mynd inn og hengja hana upp á vegg andspænis skrifborðinu sínu sér til áminningar um að gæta þess að ganga ekki of langt í að skerða félagafrelsi fólks í þessu ágæta landi. Það eru ekki allar þjóðir sem búa við slík réttindi. Réttindi sem er skylt og nauðsynlegt að standa vörð um.

# BAUHAUS®

bauhaus.is

Sadolin

**Veggmálning 5 + 10 + 20, 10 l**

Vatnsþynnanleg, heilmött. Gljástig 5, 10 eða 20. Þornar á 1 tíma. Þekur 6-8 m² á hvern lítra.

**11.995.-**

**One+ 18 V bor-/skrúfvél**

R18PD3-225S. 24 þrepa pendúlaðgerð. Innbyggð LED-ljós. Með tvöföldu biti og 2 x 2,5 litíumrafhlöðu og hleðslutæki.

RYOBI

**26.995.-** ~~33.995.-~~

**39.995.-**

RYOBI

**Háþrýstidæla**

RPW150XRB. 150 bör. 2.200 W mótor með streymishraða upp á 420 l/klst. 8 m hágæða háþrýstislanga - sveigjanleg stálstyrkt slanga. Inniheldur turbóstút og dreifistút, 30 cm. yfirborðshreinsibúnað og vatnssíu. Pallabursti og snúningsbursti fylgja með.

**Nú er rétti tíminn til að græja og gera og við höfum allt fyrir heimaverkin!**

## ERU RÓLEGIR TÍMAR FRAMUNDAN?

**595.-**

ANZA

**Basic innipenslasett**

Lakkpenslar með gervihárum. 3 stk. í pakka, 2,5 cm, 3,5 cm og 5 cm á breidd.

**995.-**

ANZA

**Go maxi rúllusett**

Sett með bakka og málningarrúllu með skafti. Breidd 18 cm.

**1.645.-**

ANZA

**Elite Maxi rúllusett**

Breidd 25 cm.

**2.495.-**

ANZA

**Platinum roll**

Fyrir jafna fleti. 18 cm.

**Ótrúlegt úrval af filmum í mörgum stærðum og gerðum!**

d-c-fix

VERÐ FRÁ:

**1.195.-**

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Virgil van Dijk og félagar í Liverpool hafa verið langbestir í vetur.

## Símafundur á Englandi í dag

**FÓTBOLTI** Fulltrúar ensku liðanna ætla að funda í dag til að ræða komandi tíma og ræða málin samkvæmt enskum fjölmiðlum. Enska boltanum hefur verið aflýst til fjórða apríl hið minnsta og í staðinn fyrir að taka einkaþotur og rándýra bílaleigubíla til London mun fundurinn fara fram í gegnum fartölvur. Ekki er búist við neinni ákvörðun á fundinum en félögin eru að bera saman bækur sínar varðandi leikmenn og fjárhag. Ekki er ólíklegt að félögin vilji spila fyrir luktum dyrum enda miðasala ekki svo stór hluti af rekstri félaga í Úrvalsdeildinni en ljóst er að liðin vilja klára tímabilið. Flest lið eru hætt æfingum og leikmenn farnir að æfa heima hjá sér. **– bb**

## Fótboltinn ræðst í dag

**FÓTBOLTI** Stjórn KSÍ kemur saman í dag þar sem meðal annars verður ákveðið hve lengi KSÍ ætlar að fresta Íslandsmótinu. Guðni Bergsson, formaður sambandsins, sagði í Bítinu á Bylgjunni og Stöð 2 í gær að trúlega yrði það fram í byrjun maí. Í tilkynningu KKÍ í gær segir að af samtölum íþróttahreyfingarinnar við yfirvöld megi skilja að það fjögurra vikna samkomubann sem sett hefur verið sé lágmark og að líkön þeirra geri ráð fyrir að þjóðfélagið verði að einhverju leyti í lamasessi fram á sumarmánuði vegna kórónaveirunnar. KSÍ og ÍTF hafa verið gagnrýnd fyrir að gefa ekki út nægilega leiðbeinandi útskýringar á samkomubanninu, en ÍTF sendi frá sér bréf í gær og óskaði eftir viðbrögðum frá KSÍ. Bikarkeppnin á að byrja 8. apríl en ljóst er að hún mun ekki byrja, enda téð samkomubann í gildi og verða að vera tveir metrar á milli manna. KSÍ hefur frestað öllum leikjum sínum, sem og landsliðsæfingum, til 15. apríl. **– bb**

# Borgin heldur Brokey á floti

**Styrkveitingar ráða hjá Reykjavíkurborg eru mjög ógagnsæjar og skyndistyrkir upp á margar milljónir er galið fyrirkomulag, segir Vigdís Hauksdóttir, sem fékk svör um styrkina á síðasta borgarráðsfundi.**

**ÍÞRÓTTIR** Reykjavíkurborg hefur dælt tæpum 20 milljónum í Siglingafélag borgarinnar, Brokey, á undanförnum áratug. Skák hefur einnig notið góðs af gjafmildi borgarinnar, en yfir 30 milljónir hafa farið í skákdeildir um borgina, og þá kostaði frístundastrætó milli Safamýrar og Úlfarsárdals fyrir Fram, tugi milljóna. Þetta er meðal þess sem sjá má í svari íþrótta- og tómstundasviðs og mannréttinda-lýðræðisskrifstofu, sem ná tíu ár aftur í tímann, og var lagt fyrir borgarráð Reykjavíkur á síðasta fundi eftir fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur úr Miðflokknum.

Í fyrirspurn hennar segir að styrkveitingar ráða og borgarráðs hjá Reykjavíkurborg séu mjög ógagnsæjar og mikil hætta á að ekki sé gætt jafnræðis við úthlutun fjármagns. Rúmlega 12 milljónir séu að renna í gegnum mannréttindaráð á ári og tæpar 20 milljónir í gegnum íþrótta- og tómstundaráð.

„Það fyrirkomulag að veita „skyndistyrki“ í mannréttindaráði til verkefna eða einstaklinga án ítarlegs rökstuðnings, er gjörsamlega galið,“ segir í fyrirspurn hennar og bendir Vigdís á að það vanti upplýsingar um hverjir séu á bak við styrkveitingarnar.

Vigdís segir að hún sé að gagnrýna styrkveitingar innan ráða borgarinnar, en ekki þá sem þiggja styrkina. „Þetta var alveg eins þegar ég var formaður fjárlaganefndar, þá var hver nefnd með einhvern pott sem hægt var að sækja styrk í og það var að lokum afnumið. Þegar þetta er komið í svo litla einingu, hvort sem það er ríki eða borg, þá er ég hrædd um að það sé ekki gætt jafnræðissjónarmiða. Að það sé einhver tilfinning sem ráði. Til að gera fjármál borgarinnar gegnsæ þá á þetta að vera í fjármálaáætlun.“

Brokey fær háa styrki nánast á hverju ári, af þeim tíu árum sem tekin eru fyrir. Í fyrra var það vegna unglingastarfs og kaupa á búnaði upp á þrjár milljónir, ári áður fékk félagið fjórar milljónir. Eins og með marga styrki þá er enginn rökstuðningur á bak við tölurnar. „Þetta virðist vera rekstrarstyrkur og kannski er það stefna meirihlutans að hafa starfandi siglingaklúbb. Það er gott og vel, en þarf ekki að rökstyðja það aðeins meira?“ spyr Vigdís og bætir við: „Mér finnst þetta svo ógagnsætt og tilviljunarkenndar ákvarðanir. Auðvitað er ég ekki að gagnrýna íþróttastarfið en það sem ég er að koma áleiðis er að hafa þetta uppi á borðum og markvissara. Styrkveitingar, eins og ég þekki frá þinginu, var að sækja um í mörgum nefndum og það vantaði samtal á milli nefnda og sama verkefni var að fá styrk frá tveimur og jafnvel þremur nefndum. Stóð svo uppi með pálmann í höndunum með fullt af fjármagni.“

Stærsti einstaki styrkurinn rann til Skákakademíu Reykjavíkur árið 2014 og 2015 eða sex milljónir. Árið 2014 fór reyndar 14,1 milljón til skákarinnar, af um 30 milljónum sem fóru í styrkveitingar. Ári síðar runnu 15,2 milljónir af 48,7 milljónum til skákdeilda borgarinnar.

**benediktboas@frettabladid.is**

Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey, var stofnað í febrúar árið 1971 af tólf áhugamönnum um siglingar. Frá upphafi var tilgangur félagsins meðal annars að örva áhuga fólks á siglingum. Hér eru skútur á siglingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Styrkirnir árið 2019

| Styrkþegi | Upphæð |
|---|---|
| Félag tónlistarþróunarm. | 4.000.000 kr. |
| Fisfélag Reykjavíkur | 1.200.000 kr. |
| Fish partner ehf. | 150.000 kr. |
| Fjölnir | 800.000 kr. |
| Hestamiðstöð Reykjavíkur | 1.500.000 kr. |
| Íþróttafélag fatlaðra | 1.200.000 kr. |
| ÍR | 650.000 kr. |
| Íþróttasamband fatlaðra | 1.000.000 kr. |
| Samfés | 500.000 kr. |
| Siglingafélag Reykjavíkur | 3.000.000 kr. |
| Skátasamband Íslands | 1.000.000 kr. |
| Tónlistarfélag Árbæjar | 2.500.000 kr. |
| Víkingur | 500.000 kr. |

> **Kannski er það stefna meirihlutans að hafa starfandi siglingaklúbb. Það er gott og vel, en þarf ekki að rökstyðja það aðeins meira?**
>
> Vigdís Hauksdóttir

# Karfan flautar keppnistímabilið af án Íslandsmeistara

**KÖRFUBOLTI** Enginn Íslandsmeistari verður krýndur þetta tímabil og hefur körfuboltinn á Íslandi verið flautaður af. Var þetta niðurstaða stjórnar KKÍ sem hittist í hádeginu í gær. Fyrir fundinn höfðu starfsmenn KKÍ teiknað upp nokkrar sviðsmyndir með mismunandi útfærslum af keppnisfyrirkomulagi að loknu samkomubanni. Ræddi stjórnin þessar sviðsmyndir og þá möguleika sem þær fólu í sér. Vitað var að allar þær ákvarðanir sem hægt var að taka væru erfiðar og að einhverju leyti slæmar, sér í lagi þar sem ekki verður hægt að nýta reglugerðir sambandsins, segir í tilkynningu frá körfuknattleikssambandinu.

Í tilkynningunni segir að af samtölum íþróttahreyfingarinnar við yfirvöld megi skilja að það fjögurra vikna samkomubann sem sett hefur verið sé lágmark og að líkön geri ráð fyrir að þjóðfélagið verði að einhverju leyti í lamasessi fram á sumarmánuði vegna kórónaveirunnar. Aðgerðir stjórnvalda hafa verið að herðast undanfarna daga og óvíst hver staðan verður á næstu misserum vegna þess. Af framansögðu má telja ljóst að ekki verður hægt að spila strax og samkomubanni verður aflétt, einnig er ekki víst hvort lið verða fullmönnuð, segir meðal annars í tilkynningunni.

Niðurstaðan var því að flauta tímabilið af, enginn verður krýndur Íslandsmeistari, Stjarnan er deildarmeistari og Fjölnir fellur niður í 1. deild karla. Höttur frá Egilsstöðum kemur í hans stað. Valur er deildarmeistari Domino's deildar kvenna og Grindavík fellur en Fjölnir kemur upp í þeirra stað.

„Vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru og hafa stuðlað að ótímabærum lokum keppnistímabilsins 2019/2020 má ljóst vera að mörg félög muni lenda í fjárhagsvanda vegna talsverðs tekjumissis. Það sama mun gilda um fjárhag KKÍ. Það verður verðugt verkefni allra hlutaðeigandi að takast á við þann vanda,“ segir enn fremur í tilkynningunni. **– bb**

Stjarnan er deildarmeistari í körfubolta annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Má ljóst vera að mörg félög muni lenda í fjárhagsvanda vegna talsverðs tekjumissis. Það sama mun gilda um fjárhag KKÍ.**
>
> Úr tilkynningu KKÍ

# Fólk

FIMMTUDAGUR 19. MARS 2020

## Tíska

**Í þessu óvenjulega ástandi sem nú ríkir er um að gera að hafa það notalegt heima sé fólk í sóttkví. Það má til dæmis gera með því að klæðast fallegum og þægilegum náttfötum.**

→6

Anna Mist nemur nú ferðamálafræði við HÍ og starfar með náminu á hjúkrunarheimili. Hér í kjól frá Karen Millen og Catwalk skóm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Í kjól og hælum til að undirstrika kvenleikann

Háskólamærin Anna Mist Guðmundsdóttir ólst upp í Síberíu þar sem móðir hennar klæddi hana dag hvern í kjól og setti slaufu í hár hennar. Hún segir móður sína tískufyrirmynd sem kenndi henni kvenleika og sjálfstæði. →2

Framhald af forsíðu

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Tískuáhuginn kviknaði þegar ég var lítil telpa. Þá vaknaði móðir mín eldsnemma á hverjum morgni til að mála sig, laga hárið og líta sem best út fyrir daginn. Hún var alltaf í háum hælum og pilsi, jafnvel yfir háveturinn í Síberíu, þar sem fimmtán stiga frost telst frekar hlýtt. Ég vaknaði á sama tíma til að fylgjast með mömmu og læra af henni handtökin, og þegar tækifæri gafst stalst ég í málningardótið hennar, hælaskóna og ekki síst hárkollur og hárlengingar. Það fannst mér rosalega spennandi og í mínum huga leit ég út alveg eins og Barbí," segir Anna Mist, sem fæddist í borginni Omsk í Síberíu í Rússlandi árið 1995. Hún flutti með móður sinni til Íslands þegar hún var tíu ára.

„Að mínu mati er heilbrigt útlit og flottur fatastíll mikilvægt, því útlit manns og ásýnd hefur áhrif á viðmót fólks við fyrstu kynni. Því getur útlit og stíll haft jákvæð áhrif á velgengni og framfærni í lífinu," segir Anna Mist.

Hún talar reiprennandi fimm tungumál, hefur mikinn áhuga á tísku, líkamsrækt, dansi og heilbrigðum lífsstíl og er í sambúð með Halldóri Heiðari Hallssyni lögmanni, sem Anna Mist segir að sé sín helsta stoð og stytta, hafa stutt við bakið á sér í lífsins ólgusjó og hvatt sig áfram í hvívetna.

## Mikilvægt að vera kvenleg

Anna Mist fer helst ekki úr húsi án þess að hafa sig til. Þannig líður henni einfaldlega betur og er sjálfsöruggari.

„Dags daglega er stíllinn minn látlaus og stílhreinn. Ég reyni að vera ekki alltaf í svörtu og helst ekki að blanda saman fleiri en þremur litum. Á veturna er ég oftast í buxum, skyrtu og peysu eða ponsjó, ef það er kalt. Ég verð þó að viðurkenna að ég fórna oft hlýleika fyrir útlit," segir Anna Mist og hlær.

Hún er einkar hrifin af hælastígvélum og kápum.

„Ég legg mig fram um að vera fín og snyrtileg hvert sem ég fer og mér er mikilvægt að vera kvenleg til fara. Því vel ég að klæðast annaðhvort skyrtu eða kápu og hælum. Skyrtur passa við flest tilefni; í háskólann, vinnu, á fundi, út að borða, í myndatökur, veislur, búðir eða út að skemmta sér. Þegar ég fer eitthvað fínt vel ég elegant og heillandi klæðnað sem undirstrikar kvenleika minn, eins og kjól og háa hæla. Eða eins og mamma segir alltaf: „Ef ekki í kjól við fínt tilefni, þá hvenær?"," segir Anna Mist sem klæðist rauðu þegar hún vill stela senunni.

„Rauður kjóll dregur að sér mikla athygli, sem og fallegir hælaskór. Flíkur sem sýna kvenlegar útlínur líkamans vekja líka athygli, en svo fer það eftir tilefni og skapi hvernig ég klæði mig. Ég vil að stíllinn minn endurspegli heillandi útlit, sjálfstraust, sjálfstæða konu, vald, sterka sjálfsmynd og auðvitað kvenlegan yndisþokka. Stíll segir oft mikið til um persónuleikann, hann getur haft áhrif á viðhorf fólks og hvernig það tekur á móti þér."

Glæsileg í kvenlegum, gráköflóttum kjól úr kasmírull og með svart Gucci-leðurbelti í mittið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Anna Mist í svörtum gallabuxum og hlébarðaskyrtu úr Gallery 17.

Í svörtum gallabuxum, ullarpeysunni Byl frá 66°N, með svarta tösku frá Ralph Lauren og í brúnni kápu frá ítalska hönnuðinum Roberto Cavalli.

## Mamma gaf tískuvitið

Móðir Önnu Mistar, Svetlana Ponkratova, er og verður hennar helsta tískufyrirmynd.

„Þegar ég var barn klæddi mamma mig alltaf í kjól og háa sokka, gerði á mig hárgreiðslur á hverjum einasta degi og alltaf með slaufu. Í dag erum við eins og vinkonur, hún segir mér frá öllum nýjum fötum sem hún kaupir og gefur mér enn í dag ráð sem tengjast tísku og útliti. Ég spyr því mömmu alltaf álits þegar kemur að fötum," segir Anna Mist og lætur hugann reika að fyrstu tískuminningunni.

„Þegar ég var lítil var mamma áskrifandi að tískublaði sem kom til okkar í pósti. Ég var alltaf fyrst til að opna pakkann og skoða. Ég var forvitin um tískuna og fannst blaðið mjög spennandi."

Hennar eigið besta tískuráð til kvenna er að vera ófeimnar við að klæðast kjólum oftar en þó fyrst og fremst að vera þær sjálfar.

Sjálf fylgir hún tískudrósunum Mínu Fanney, Valeriu, Evu, Manúelu og Sunnevu á samfélagsmiðlum.

„En ef það ætti að banna eina flík í tískuheiminum væru það smekkbuxur," segir Anna Mist og skellihlær. Síðast keypti hún sér fallegan, melónubleikan kjól á netinu.

„Hann nær upp að hálsi og niður á hné en er samt þröngur og sýnir vel vöxtinn. Svo eru eyrnalokkar ómissandi skart við hvers kyns fatnað því þeir liggja upp við andlitið og geta breytt útlitinu mikið."

Það dýrasta í fataskáp Önnu Mistar eru pelskápur og 66°N-úlpa.

„Alla pelsa og leður kaupi ég í útlöndum. Ég lærði það líka af mömmu og hennar reynslu úr vetrarkuldum Síberíu að kaupa alltaf ekta og frekar aðeins dýrari pelsa því þeir eru hlýrri en gervipelsar sem halda engum hita."

## Vill sjá tískuna árið 2050

Anna Mist er með nokkur lítil húðflúr og eitt ívið stærra.

„Öll eru þau á ósýnilegum stöðum og því get ég auðveldlega valið lítinn kjól sem hylur öll húðflúrin ef með þarf. Ég sé ekki eftir neinu þeirra enda fékk ég þau öll eftir tvítugt."

Í snyrtibuddunni er jafnan allt sem Anna Mist þarf á að halda; kinnalitur, sólarpúður, „highlighter", varalitur og „setting spray".

„Af ilmvötnum nota ég aðallega Chanel Gabrielle og Burberry London. Ég elska sterka ilmi sem endast lengi; angan sem er fersk og pínu sæt," upplýsir Anna Mist.

Mætti hún bjóða einni frægri skvísu með sér í búðaráp yrði það Kim Kardashian eða Rebecca Marie Gomez.

„Mér finnst Kim, Rebecca Marie, sem er stundum köllum Becky G, og Robyn Rihanna vera með best klæddu stjörnum heims en af körlunum er það Anthony Santos, kallaður Romeo Santos."

Hún segist óska þess að Instagram og Facebook hefðu orðið til aðeins fyrr. „Þaðan fæst svo mikill fróðleikur um tísku og útlit í dag. Þegar ég var unglingur vissi ég ekki helminginn af því sem unglingar vita um tísku og útlit í dag. Ég er forvitin um hvernig tískan þróast í framtíðinni og myndi eflaust stilla tímavél á áratuginn 2040 til 2050 til að geta skyggnst inn í tískuheim framtíðarinnar."

## Keppnis- og ævintýrakona

Fram undan eru spennandi tímar hjá Önnu Mist.

„Á undanförnum misserum hef ég keppt í fitness-keppnum hér heima og ytra en þar sem langt er í næstu fitness-keppni ákvað ég að prófa nýja áskorun sem er Miss Universe Iceland keppnin sem fer fram í Hljómahöllinni 29. maí. Það á örugglega vel við mig. Ég hef alltaf verið upptekin af tísku og útliti, lauk námi í naglaskóla, Fashion Academy-skólanum, námskeiðum hjá Make Up School og hef mikinn áhuga á myndatökum," segir Anna Mist, sem stundar einnig nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og mætir í ræktina hvern dag til að undirbúa sig fyrir næsta fitness-stórmót sem haldið verður í Bandaríkjunum í haust.

„Ég er orkumikil og ævintýragjörn og finnst gaman að vera félagslega virk og taka þátt í sem flestu."

## Í dálæti hjá Önnu Mist

**Kjóll, pils eða buxur?**
Kjóll
**Blúnda eða leður?**
Leður.
**Gull eða silfur?**
Gull, alltaf gull.
**Doppur eða köflótt?**
Köflótt í Burberry-stíl.
**Háir hælar eða flatbotna skór?**
Háir hælar, auðvitað.
**Þröngt eða vítt snið?**
Þröngt til að sýna línurnar.
**Náttkjóll eða náttföt?**
Náttföt sem samanstanda af hlýrabol og stuttbuxum.
**Hlébarða- eða sebrahestamynstur?**
Hlébarði.
**Gloss eða maskari?**
Ég vel maskara umfram gloss því mér þykir náttúrulegur litur vara minna flottur.

FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

NÝ VEFVERSLUN ▪ www.hjahrafnhildi.is

# Jogginggallar og hælaskór

## Svo virðist vera sem jogginggallar séu í tísku ef marka má sýningarpalla tískuhúsanna og klæðnað ríka og fræga fólksins sem mætir íklætt þeim á hina ýmsu viðburði utanlands.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Jogginggallar hafa mikið sést á tískusýningum undanfarið, en þegar Lacoste kynnti vetrartískuna á tískuvikunni í París í haust mátti sjá jogginggalla í ýmsum litum. Margir voru með óhefðbundnu sniði og jafnvel poppaðir upp með því að para þá við spariskó og snyrtilega leðurhanska og jafnvel síðar skinnkápur.

Þá hefur sést til fólks mæta á uppákomur á förnum vegi, þar sem snyrtilegur klæðnaður er æskilegur, klætt jogginggalla og síðkápum líkt og sést hefur á sýningarpöllunum og jafnvel í háhæluðum skóm við. Fólk hefur einnig sést í jogginggöllum með skartgripi og í fallegum kápum við á leið til vinnu og við annað hversdagslegt amstur. Það er því ljóst að jogginggallar í dag eru langt frá því að vera einungis ætlaðir til íþróttaiðkunar og útivistar ásamt því að vera auðvitað einstaklega þægilegur heimaklæðnaður. Jogginggallatískan virðist falla vel í kramið hjá ríka og fræga fólkinu sem oft leggur línurnar í tísku almennings. Söngkonan vinsæla, Billie Eilish, sést sjaldan í öðru en jogginggalla en hún hefur sést í slíkum við hinar ýmsu verðlaunaathafnir, oftast frá þekktum hönnuðum.

Það vekur eflaust ánægju margra að kósí heimafatnaður sé í tísku en það er fátt þægilegra en víður jogginggalli. Ef fólk er ekki of upptekið af merkinu er líka hægt að fá jogginggalla á frekar góðu verði. Þá má svo bara poppa upp með skartgripum og leðurhönskum, sólgleraugum og töff skóm, líkt og Hollywoodstjörnurnar gera og þá er kominn hinn fínasti samkvæmisklæðnaður. Það er nefnilega algjör óþarfi að tolla ekki í tískunni þó að fólk kjósi þægilegan klæðnað.

Fyrir þau sem eru í heimasóttkví er líka tilvalið að klæða sig í jogginggalla til að hressa sig við og upplifa sig smart. Það má dunda sér við að finna klúta og skart og fylgihluti sem fara vel við jogginggallann svo hægt sé að líða eins og stjörnu meðan setið er uppi í sófa og hámhorft á þætti á Netflix. Nú og ef það kemur asnalega út þá gerir það ekkert til því vitnin eru fá.

Stílistinn Maria Barteczko sást í gráum jogginggalla við gula kápu á tískuvikunni í Kaupmannahöfn.

Söngkonan Billie Eilish notar jogginggalla við flest tilefni. Hér er hún á bresku tónlistarverðlaununum.

Fyrirsæta í skræpóttum joggingalla á tískuhátíðinni í Melbourne í Ástralíu sem fór fram snemma í mars.

Haust og vetrartískan 2020-2021 hjá Lacoste inniheldur alls kyns jogginggalla.

Fyrirsætan og leikkonan Tiffany Hsu í ljósgulri kápu og samlitum joggingalla á leið á tískusýningu á tískuvikunni í New York í haust.

MYNDIR/GETTY

LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

## – FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

S:HELGASON

Flügger litir

Betra BAK
LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

ÍSLEIFUR JÓNSSON

DORMA

HÚSGAGNA HÖLLIN

Flísabúðin
STÓRHÖFÐA 21 - SÍMI 545 5500

PARKET & GÓLF
- gerir hús að heimili

**Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á FASTLIND.is**

LIND Fasteignasala

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

**ÞEKKING OG REYNSLA · www.frittverdmat.is · www.nyjaribudir.is**

# Á náttfötunum heima fyrir

## Í þessu óvenjulega ástandi sem nú ríkir er um að gera að hafa það notalegt heima sé fólk í sóttkví. Það má til dæmis gera með því að klæðast fallegum og þægilegum náttfötum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Þótt flestir vilji klæða sig á daginn eru örugglega einhverjir sem vilja bara hafa það kósí fyrir framan sjónvarpið. Það er lítill vandi þegar úrvalið af fallegum náttfötum er gríðarmikið í netverslunum. Einnig er skemmtilegt að skoða sögu náttfata en þau urðu ekki almenn eign fyrr en á tuttugustu öldinni. Það voru breskir nýlenduherrar sem fluttu þau með sér heim frá Austurlöndum fjær. Íbúar í Hong Kong, á Indlandi og víðar höfðu klæðst þægilegum og léttum buxum og bol áður en þeir gengu til hvílu. Bretarnir kölluðu klæðnaðinn náttföt eða „pyjamas“ sem er komið úr persnesku.

Á þriðja áratugnum náði náttfatatískan til amerískra Hollywoodmynda og þar fóru að birtast glæsileg silki- og satínnáttföt. Fyrsta myndin var It Happened One Night frá 1934, þar sem Claudette Colbert og Clark Gable fóru með aðalhlutverkin. Í myndinni sést Claudette í karlmannsnáttfötum en sú sena vakti mikla athygli. Á sjötta áratugnum fóru konur að sjást í náttfötum með stuttum buxum sem var forveri svokallaðra baby doll náttfata sem urðu gífurlega vinsæl á sjöunda áratugnum. Þá voru líka fundin upp náttfatapartý hjá unglingum. Á tímabili sáust konur keyra börnin sín í skólann og fara í matvörubúð á náttfötunum en síðar þótti það ekki mjög smart.

Coco Chanel var fyrst kvenna til að sýna sig á silkinnáttfötum utanhúss. Stór tískuhús fóru að framleiða glæsileg silkinnáttföt og nú fást slík frá flestum þekktum tískumerkjum, má þar nefna til dæmis Armani, Dolce & Gabbana, Ralph Lauren auk margra annarra. Glæsileikinn er allsráðandi í náttfötum tískuhúsanna og efnin ekki síðri. Þægindi eru höfð að leiðarljósi eins og sjá má á myndunum hér til hliðar. Nú geta allir klætt sig í glæsileg silkinnáttföt og átt notalegar stundir heima.

Glæsileg náttföt frá fyrirtækinu Desmond & Dempsay.

Flott náttföt frá Ralph Lauren.

Þessi eru líka frá Ralph Lauren.

Dolce & Gabbana leggja mikla áherslu á glæsileg silkinnáttföt.

Victoria's Secret er með mikið úrval af þægilegum náttfötum. Fyrirtækið er með netverslun og hægt að panta til Íslands.

Þægileg og falleg náttföt frá Sophia.

Baby doll náttföt voru gríðarlega vinsæl á sjötta og sjöunda áratugnum. Stuttbuxur og treyja sem oftast var með blúndum og fallegum skreytingum. Ungar stúlkur mættu í partí í baby doll náttfötunum sínum.
MYNDIR/GETTYIMAGE

# VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

**Við höfum opnað glæsilega nýja verslun Hästens að Faxafeni 5.
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.**

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens®
since 1852

**HÄSTENS VERSLUN**
Faxafeni 5, Reykjavík 588 8477

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Málarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Löggiltir málarar geta bætt við sig verkefnum. Veitum sveigjanleg greiðslukjör við allra hæfi. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

**LÖGG. MÁLARAMEISTARI**
Tökum að okkur alla málningarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

### Spádómar

**867-2555- SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga. Hekla.

### Trésmíði

**TRÉSMIÐUR**
tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sjgverktakar@gmail.com

### Önnur þjónusta

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU**
Herbergi til leigu í Kópavogi, með sérinng,baðherb, þvottah, laust strax, Verð. 80.000, 2 mán fyrirfram. Sími: 8687283.

### Húsnæði óskast

**ÍBÚÐ ÓSKAST**
Ungt, reglusamt, reyklaust par óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvirkum greiðslum heitið, meðmæli, trygging og allt að 3 mán. fyrirframgreiðsla. S. 845 5926

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Keypt & Selt

### Til sölu

**myranaut**
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# Hjúkrunarfræðingur

## Augljós óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing

Um er að ræða aðstoð í klínískri móttöku sjúklinga ásamt aðstoð í laseraðgerðum.
Í umsókn komi fram upplýsingar um menntun, aldur og fyrri störf. Tiltaka þarf tvo meðmælendur.

### Hæfniskröfur

- Mjög góð tölvukunnátta og færni til að læra nýja hluti á stuttum tíma
- Vera fróðleiksfús og ástunda nákvæm vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund, jákvæðni og sveigjanleiki
- Frumkvæði og hæfileikar til að takast á við mismunandi verkefni

### Umsóknir

- Fyrirspurnir um starfið og umsóknir berist í gegnum ráðningarkerfi Alfreðs **www.alfred.is** þar sem sömu auglýsingu er að finna
- Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað
- **Umsóknir berist fyrir 29. mars nk.**

AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**Gæðamúr ehf.**
Gunnar Björn Jónsson
Löggiltur múrarameistari
Sími: 845-4050
E-mail: gaedamur@gmail.com
Alhliða múrverk - Flísalagnir - Flotun - Steining

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**VP Múrari ehf**
Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.
Parketlögn og fleira.
Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu
Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

40%
GLÖÐ
100% EINS OG HÚÐIN
100% ÞÚ
35%
GLETTIN
25%
DREYMIN
NÝTT NIVEA Q10 POWER EXTRA NOURISHING
MEÐ LÍFRÆNNI ARGAN OLÍU + Q10 EINS OG ER Í HÚÐINNI
ENDURNÝJAR VARNIR HÚÐARINNAR
GEGN ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN
STINNARI HÚÐ Á 2 VIKUM
MINNI HRUKKUR Á 4 VIKUM
DJÚPNÆRIR ÞURRA HÚÐ
NIVEA
Q10 POWER
ANTI-AGE
MULTI-ACTION
PAMPERING OIL
SPF 15
NEW
NIVEA
Q10 POWER
ANTI-WRINKLE
+ EXTRA-NOURISHING
DRY TO VERY DRY SKIN
DAY CREAM with Natural Q10
& Organic Argan Oil
50ml

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

19. MARS 2020 FIMMTUDAGUR

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erna Aðalheiður Marteinsdóttir**

Kirkjulundi 6 í Garðabæ,

lést 16. mars síðastliðinn.
Útförin verður auglýst síðar.

**Kristinn Már Þorsteinsson**
**María Þorsteinsdóttir**
**Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**Ester Þorsteinsdóttir**
**Karl Svavar Sigurðsson**
**Hans Jakob Beck**
**Þröstur Jensson**
**barnabörn og langömmubörn.**

Elskulegur bróðir okkar,

**Skúli Magnússon**

Bugðutanga 28,
Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 3. mars. Í ljósi óvanalegra aðstæðna í samfélaginu um þessar mundir mun útför hans fara fram í kyrrþey.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Sigrún Valdimarsdóttir**
**Mikael Sigurðsson**
**Valgerður Magnúsdóttir**
**Auður Lekay**
**Erna Magnúsdóttir**

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Birgir Símonarson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 12. mars. Útförin fer fram í kyrrþey í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Landspítalans. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Lindakirkju.

**F.h. fjölskyldunnar,**
**María Kristín Lárusdóttir**

Kærar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og kvöddu elskulegan föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Kristján Arnfjörð Guðmundsson**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir, 3.h. suður.

**Jóna G. Gunnarsdóttir**
**Kristjana Kristjánsdóttir**
**Hilmar S. Kristjánsson**
**Ragnar K. Kristjánsson**
**Pétur A. Maack**
**Josefine L. Kristjánsson**
**Helga J. Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þuríður Erla Erlingsdóttir**

sundkennari,

lést 10. mars á Hrafnistu í Reykjavík.
Útförin fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 20. mars kl. 13.00.

**Guðfinna Helgadóttir**
**Sigríður Helgadóttir**
**Helgi Helgason**
**Guðni Einarsson**
**Birgir H. Sigurðsson**
**Brynja Tómasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á
timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055 .

# Þurfum að geta hlakkað til

**Nú hefur verið ákveðið að fresta mars fram í júní – það er að segja HönnunarMars – sem hefur verið einn stærsti viðburður marsmánaðar á Íslandi mörg undanfarin ár.**

Við vildum byggja á þeirri bjartsýni sem ávallt hefur fylgt HönnunarMars og ákváðum því að fresta honum fram í lok júní en fella hann ekki niður. Halda hann eins seint í júní og við getum – en hérna megin við aðal sumarfrísmánuðinn," segir Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands sem stendur fyrir þessari miklu þátttökuhátíð.

Samkvæmt upphaflegu plani átti HönnunarMars að standa frá 25. til 29. mars. Halla segir ákvörðun um að fresta honum hafa verið tekna 10. mars, af orsökum sem allir þekkja. „Þetta sumar verður eflaust ekkert eins og önnur sumur en við þurfum að geta hlakkað til einhvers og við vildum ekki færa HönnunarMars lengra en svo að við sæjum í hann. Þetta eru fjórtán vikur, því hann er áformaður frá 24. til 28. júní. Hann byrjar á miðvikudegi og lýkur á sunnudegi, eins og átti að vera núna. Við erum alltaf með stóra ráðstefnu í Hörpu á HönnunarMars, sem nefnist DesignTalks, sjö til átta hundruð hafa mætt á hana undanfarin ár, sumir koma langt að. Þetta árið eru fyrirlesarar frá Íslandi, Bretlandi, Hollandi, Spáni og New York."

Ótal úrlausnarefni fylgja svona frestun, eins og nærri má geta. „Við fórum saman í það, sex, sjö manna hópur, að hringja í alla þátttakendur, sem eru um hundrað, stuðningsaðila og samstarfsaðila og tala við þá persónulega. Náðum að ljúka því nokkurn veginn milli klukkan 12.00 og 18.00 einn daginn," lýsir Halla. „Það skapaðist strax jákvæð stemning í kring um þessa ákvörðun enda eru allir að glíma við sama vandamálið núna, með von um betri tíð."

Meðal þeirra sem þurfti að tilkynna frestun voru gestir og blaðamenn erlendis frá, 30 til 40 manns, að sögn Höllu. „Nánast allir staðfestu þátttöku." Hún segir Icelandair hafa verið öflugan stuðningsaðila HönnunarMars nánast frá upphafi. „Það voru öll flug endurbókuð og fyrirtækið tók af breytingargjöldin. Iclandair-hotels hefur líka verið góður samstarfsaðili til margra ára og Arion banki stutt vel við þessa hátíð, ásamt fleirum. En eins og önnur fyrirtæki erum við að lenda í algerum forsendubresti og vonum að stjórnvöld standi með okkur."

„Vildum ekki færa HönnunarMars lengra en svo að við sæjum í hann," FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hönnunarmiðstöðin er að koma nýjum vef í loftið að sögn Höllu. „Við ætlum að nýta tímann vel," segir hún. „Þannig að við komum vonandi enn sterkari til leiks í júní." gun@frettabladid.is

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Hrafnhildur Halldórsdóttir**

húsmæðrakennari,
Sóltúni 2, Reykjavík,
áður Lindarflöt 8, Garðabæ,

andaðist í faðmi barna sinna á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, laugardaginn 14. mars síðastliðinn.

**Hildur Jóhannesdóttir**
**Þorleikur Jóhannesson**
**Halla Margrét Jóhannesdóttir**
**Ólafía Ása Jóhannesdóttir**
**Jóakim Hlynur Reynisson**
**Helga Melsteð**
**Sólmundur Már Jónsson**
**Sigurður Garðar Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við fráfall, útför og minningarathöfn yndislegrar móður okkar,

**Elísabetar Kemp Guðmundsdóttur**

fv. bankafulltrúa á Akureyri.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á bráða- og líknardeild Landspítalans.

**Eva Þórey Haraldsdóttir**
**Ásdís Hrefna Haraldsdóttir**
**Ragna Haraldsdóttir**
**Sigurður Stefán Haraldsson**
**Gunnar Jóhannsson**
**Sigurður V. Guðjónsson**
**Leó Jónsson**
**Thamar Melanie Heijstra**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Sigurhansson**

framreiðslumeistari,

lést á deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut hinn 9. mars. Útför hans fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 21. mars klukkan 14.00. Í ljósi aðstæðna verður útförinni einnig útvarpað í bíla.

**Margrét Runólfsdóttir**
**Bjarki Freyr Guðmundsson**
**Gunnhildur Guðmundsdóttir**
**Jóhanna Björg Guðmundsdóttir**
**Júlía Dögg Haraldsdóttir**
**Martin Christensen**
**Þorsteinn H. Guðmundsson**
**og barnabörn.**

Elskulegur eiginmaður minn faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Bjarni Tómasson**

rafvirkjameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum 14. mars.

**Hjördís Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Bjarnason**
**Laufey Ása Bjarnadóttir**
**Arnar Bjarnason**
**Janni Högh**
**Guðmundur Þorri Jóhannesson**
**og barnabörn.**

# Ennþá meira úrval af listavörum

**WorkPlus**
**Strigar frá kr. 195**

**Kolibri penslar**
**Handgerðir þýskir penslar**
**í hæsta gæðaflokki**
**á afar hagstæðu verði**

kolibri®

**Kolibri trönur**
**í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði**

AMSTERDAM
dream × create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice

2019
Framúrskarandi fyrirtæki

**Listverslun.is**

# Verkfæralagerinn

**Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is**
**Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hæg breytileg átt og skýjað með köflum eða bjartviðri. Frost 2 til 12 stig, en vaxandi sunnanátt með éljum við vesturströndina og syðst annað kvöld og dregur úr frosti.

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 3 |
| Ísafjörður | -5 | 12 |
| Akureyri | -3 | 2 |
| Egilsstaðir | -1 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | -2 | 0 |
| Hveravellir | -10 | 4 |

## Föstudagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 11 |
| Ísafjörður | 1 | 21 |
| Akureyri | 3 | 16 |
| Egilsstaðir | 3 | 9 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 9 |
| Hveravellir | -4 | 17 |

## Laugardagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 4 |
| Ísafjörður | -4 | 3 |
| Akureyri | -3 | 1 |
| Egilsstaðir | 3 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 1 |
| Hveravellir | -4 | 3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. fyrirmynd
5. orga
6. verkfæri
8. muldra
10. óðagot
11. þöggun
12. skoðun
13. gælunafn
15. hjálpar
17. náungi

**LÓÐRÉTT**
1. prýðilega
2. stórvirki
3. mál
4. skrípaleikrit
7. umtalsillur
9. hulinn
12. haka
14. festing
16. flan



**LÁRÉTT:** 1. mótif, 5. æpa, 6. al, 8. tuldra, 10. as, 11. uss, 12. alit, 13. ell, 15. líkna, 17. mann.
**LÓÐRÉTT:** 1. mætavel, 2. óþus, 3. tal, 4. farsi, 7. lastar, 9. dulinn, 12. alka, 14. lim, 16. an.

## Skák

Gunnar Björnsson

Maxime Vachier-Lagrave (2767) átti leik gegn Ding Liren (2805) í 2. umferð áskorendamótsins í skák sem fram fór í gær í Katrínarborg í Rússlandi.

**36. b7! Bxb7 (36...Rxb7 37. Re4+). 37. Ba5! 1-0.** Caruana, Nepomniachtchi, Vachier-Lagrave og Wang Hao eru efstir og jafnir með 1½ vinning. Páll Snædal vann á öðru netmótinu en skákhreyfingin hefur blásið til stórsóknar á netinu.

**www.skak.is:** Netmót í kvöld kl. 19:30.

**Hvítur á leik**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli

## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



tl.is

# ERTU KLÁRÍ SLAGINN?

## ÞÚ FÆRÐ ALVÖRU LEIKJABÚNAÐ HJÁ OKKUR

steelseries CORSAIR elgato RAZER ASUS

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

Jónas Ingimundarson er meðal þeirra sem veittu Jóni aðstoð við verkið.

# Að grípa nótnabókina sína uppi í hillu

**Íslensk einsöngslög eru mikilvægur hluti af menningararfi þjóðarinnar. Jón Kristinn Cortez tónlistarmaður gefur þau út í gegnum fyrirtæki sitt Ísalög. Nú einbeitir hann sér að hverju tónskáldi fyrir sig.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Jón Kristinn Cortez er að leggja lokahönd á nótnahefti með einsöngslögum Gunnars Reynis Sveinssonar. Svo, „ef Guð lofar“, eins og hann segir, verður kannski Jón Leifs næstur eða Sigfús Einarsson. Áður eru komin út hefti með einsöngslögum eftir Árna Thorsteinsson, Karl Ottó Runólfsson, Jórunni Viðar, Pál Ísólfsson og Jón Þórarinsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Jón Ásgeirsson. „Þetta er auðvitað bara gert til að bjarga þessum menningararfi okkar,“ segir Jón Kristinn. „Þó menn geti orðið sér úti um eintak að einhverju lagi þá eru það nótur sem búið er að ljósrita aftur og aftur. Ég er að berjast við að koma þessum handritum á lesanlegt form í tölvunni. Þetta er svona hreinsunarstarf líka.“

Sjálfur kveðst Jón Kristinn aldrei selja nótur á stökum blöðum. „Ef einhvern langar í lag sem til er á bók, þá kaupir hann bókina og fær fleiri góð lög með. Auðvitað kaupa menn nótur á netinu og prenta út hjá sér. En þá er horfin öll virðing fyrir nótum á pappír, þeim verður á endanum rúllað upp eða vöðlað saman og týnt. Það er dálítið annað að grípa nótnabókina sína uppi í hillu en að leita í einhverjum blaðahaugum.“

Ekki kveðst Jón Kristinn eiga heiðurinn af því einn að safna öllum lögunum saman sem hann er að gefa út. „Ég hef notið dyggrar aðstoðar Ólafs Vignis Albertssonar pianóleikara og ekki má undanskilja þá Trausta Jónsson veðurfræðing og Jónas Ingimundarson pianóleikara, þeir hafa verið iðnir við að hafa uppi á einsöngslögum.

> ÉG FÓR Í MÚSÍK AF ÞVÍ GARÐARI VAR GEFINN GÍTAR Í JÓLAGJÖF ÞEGAR ÉG VAR ÁTTA ÁRA. HANN FÓR BARA AÐ SOFA EN ÉG TÓK GÍTARINN.

Frá þeim eigum við landsmenn lista yfir hátt á þriðja þúsund titla sem þeir eru búnir að skrá og ná megninu til sín á ljósritum. Ég er búinn að gefa út 10-15 prósent af þessu, hygg ég, bæði nótur og texta, eins og réttast getur verið. Það er svo sannarlega Ólafur Vignir sem með áratuga reynslu á stóran part í því starfi. Hann hefur lesið yfir hverja einustu bók sem ég hef gefið út. “

### Byrjaði að spila á jólum

Jón Kristinn kennir tónfræðagreinar við Söngskólann í Reykjavík. „Ég bættist í hóp kennara á annarri önn skólans, upp úr áramótum ‘73-’74, og fór svo bara að læra söng líka, ekki síst til að vita hvað hinir nemendurnir væru að ganga í gegnum.“

Það er Garðar Cortez, bróðir Jóns Kristins, sem stofnaði skólann og stýrir honum. Jón Kristinn segir þá hvorugan vita hvaðan þeim komi tónlistin. „Pabbi var húsasmiður og það var engin músík í honum, en mamma spilað á píanó og alltaf í físdúr, sem þýðir að hún lék allt á svörtu nótunum. Það fannst okkur sérstakt. En ég fór í músík af því að Garðari var gefinn gítar í jólagjöf þegar ég var átta ára. Hann fór bara að sofa en ég tók gítarinn og bókina sem fylgdi og hætti ekki fyrr en ég gat spilað skammlaust Komdu og skoðaðu kistuna mína. Garðar spilaði aldrei á gítarinn, ég bara eignaði mér hann.“



„Ég er að berjast við að koma þessum handritum á lesanlegt form í tölvunni,“ segir Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Íslensk lög til Singapúr

**Söngskólinn í Reykjavík er í prófasambandi við Konunglegu tónlistarskólana í Bretlandi sem gefa út námsefni í tónlist og lista yfir lög sem henta til söngs. Á þeim lista eru tólf íslensk lög sem Jón Kristinn setti þar inn, með þýddum textum á enskt, syngjanlegt mál. Þetta efni er til sölu í Tónastöðinni. Eins er hægt að skrifa Jóni Kristni, sem lengst hefur sent þetta efni til Singapúr.**

Jón Kristinn var ekki gamall þegar hann byrjaði í hljómsveit. „Fyrsta hljómsveitin sem ég var í hét Toxic. Hana stofnuðu nokkrir félagar í Réttarholtsskólanum, einn þeirra, Jakob Halldórsson, var æskuvinur minn og ég var sóttur í Laugarnesskólann því það vantaði bassaleikara. Toxic var bítlahljómsveit. Bítlarnir og Shadows voru eiginlega mínir fyrstu kennarar, af þeim lærði ég alla bassaganga sem ég komst yfir, þannig lærði ég líka, án þess að vita það, hljómagang og samspil hljóma.“

Ekki kveðst Jón Kristinn hafa átt peninga fyrir plötum fyrr en hann komst í hljómsveit. „Fyrstu popplötuna gaf mamma mér í jólagjöf, hún hét The Kinks, en mér var harðbannað að spila hana fyrr en á annan í jólum.“

Ein hljómsveitin tók við af annarri að sögn Jóns, Blúskompaní Magga Eiríks, Heiðursmenn Þóris Baldurssonar og Mannakorn Magga Eiríks. „Ég spilaði líka lengi með Jakobi Jónssyni söngvara sem átti vinsæla tækifæris- og árshátíðarhljómsveit.“

### Lagerinn hreyfist hægt

Nú spyr ég Jón Kristin um tónverkamiðstöðina Ísalög. „Það er fyrirtæki sem ég stofnaði einn 1978, þá datt það í mig að gefa út plötu. Kenndi í Hlíðaskólanum og var þar með feikigóðan stúlknakór og gaf út plötu með honum, Bjart er yfir Betlehem. Svo hóf ég þessa nótnabókaútgáfu árið 1981 og hef gefið út yfir sextíu bækur. Einsöngslagaútgáfan byrjaði 1994.

Þann 1. desember 2018, á 100 ára afmæli fullveldisins, var lokið við átta binda útgáfu með 289 sönglögum eftir 66 tónskáld, Íslensk einsöngslög í eitt hundrað ár.

Er einhver markaður fyrir svona nótnabækur hér á landi? „Nei, lagerinn hreyfist hægt. En ég vil taka fram að þó ég hafi gefið út á eigin kostnað fyrstu tuttugu árin, þá hef ég fengið styrki frá ríkisstjórninni og Íslenska einsöngslaginu, svona til að taka kúfinn af áhyggjunum. Það þýðir ekki fyrir mig að byrja á að biðja um styrk og fara svo að vinna. Þetta eru afturvirkir styrkir. Að öðru leyti eru það mjólkurpeningarnir.“

# Vildi sjálfur ákveða sína stefnu

**Kristján Eiríksson er höfundur bókar um esperantotímabil Þórbergs Þórðarsonar. Í bókinni er að finna greinar og bréf eftir Þórberg sem birtast í fyrsta sinn á prenti.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Lifandi mál lifandi manna – um esperantotímabil Þórbergs Þórðarsonar er ný bók eftir Kristján Eiríksson, kennara og fyrrverandi formann íslenska esperantosambandsins. Í bókinni gerir hann þessu tímabili ítarleg skil og margt af því sem Þórbergur ritaði á esperanto birtist í bókinni á íslensku í fyrsta sinn í þýðingu Kristjáns.

Spurður af hverju hann hafi ákveðið að skrifa um Þórberg og esperanto segir Kristján: „Esperantotímabili hans hefur ekki verið gerð mikil skil hingað til. Mig langaði til að fjalla um þennan tíma því Þórbergur skildi þónokkuð mikið eftir sig af esperantogögnum. Auk þess sinnti hann esperanto frá 1925 til 1933 af fullum krafti og miklu lengur með öðru.“

Esperantotímabili Þórbergs hefur ekki verið gerð mikil skil, segir Kristján. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Fylgdi þjóðleysingjastefnunni

Kristján segir að esperanto hafi ekki verið útbreitt tungumál þegar Þórbergur fékk áhuga á því. „Esperanto var orðið mjög útbreitt fyrir seinna stríð. Hitler réðst af heift á esperantista, og eins og frægt er þá er Þórbergur eini maðurinn sem var dæmdur fyrir að tala illa um „heilaleysingjann Hitler“ eins og hann kallaði hann. Esperanto varð einnig illa séð í Sovétríkjunum, en því hefur ekki verið gefinn sérstakur gaumur í skrifum um Þórberg og kommúnisma hans. Þórbergur skrifaði óskaplegt lof um Stalín og hélt því áfram eftir stríð. Hann var alla tíð mikill vinstri maður, en eftir að hafa farið á fyrsta esperantoþing sitt gekk hann strax í svonefnt þjóðleysingjafélag en í því voru einkum kommúnistar, sósíalistar og anarkistar. Þetta félag var sérkennilegt að því leyti að það var mjög illa þokkað af nasistum og kommúnistum í Rússlandi. Draumur meðlima var sá að til yrði eitt ríki á jörðinni sem hefði eina alheimstungu.

Það hefur alltaf verið talað um að Þórbergur hafi verið mikill kommúnisti, sem hann var að vissu leyti, en í lokin fylgir hann þjóðleysingjastefnunni. Í bréfi til Kristins E. Andréssonar seint á ævinni, talar hann um ófullkomleika mannanna og segir að stefnan sem hann fylgi sé: Sjálfur leið þú sjálfan þig. Þannig að hann vildi sjálfur ákveða sína stefnu. Auðvitað var hann ansi lengi trúaður á hina sovésku leið, sem þjóðleysingjastefnan var þó í algjöru ósamræmi við. Þessu finnst mér ekki hafa verið veitt nægileg athygli.“

Meistari Þórbergur á spássigöngu.

> **ÞAÐ HEFUR ALLTAF VERIÐ TALAÐ UM AÐ ÞÓRBERGUR HAFI VERIÐ MIKILL KOMMÚNISTI, SEM HANN VAR AÐ VISSU LEYTI, EN Í LOKIN FYLGIR HANN ÞJÓÐLEYSINGJASTEFNUNNI.**

### Viðkvæmt efni

Í bókinni er síðan að finna greinar og bréf sem Þórbergur ritaði á esperanto og margt af því birtist nú í fyrsta sinn á prenti. „Sennilega er mestur fengur að 59 blaðsíðna bréfi sem hann skrifaði vinkonu sinni í Hollandi, ritað með „hans hjartahreinu eigin hendi“. Vinkonan var rithandafræðikona og hann sendir henni sýnishorn af rithönd margra manna og lýsir þeim fyrir henni, þar á meðal Jónasi frá Hriflu, Stefáni frá Hvítadal og Halldóri Laxness. Þetta er skemmtilegt bréf, en efnið er nokkuð viðkvæmt og þar lýsir hann til dæmis Stefáni frá Hvítadal af æði mikilli léttúð,“ segir Kristján. Þá er einnig í bókinni fjallað um hina miklu esperanto-orðabók Þórbergs, sem hann var byrjaður að undirbúa til prentunar en kom ekki út.

# Margþjáð lögga

BÆKUR

**Ég mun sakna þín á morgun**
★★★☆☆
**Heine Bakkeid**

**Þýðing:** Magnús Þór Hafsteinsson
**Útgefandi:** Ugla
**Blaðsíður:** 359

Ég mun sakna þín á morgun er fyrsta bókin í flokki bóka norska rithöfundarins Heine Bakkeid um lögregluforingjann Thorkild Aske.

Thorkild er nýkominn úr fangelsi eftir dráp af gáleysi, afar niðurdreginn og fullur af sektarkennd og reynir að deyfa sársaukann með lyfjaneyslu. Hann rannsakar hvarf ungs manns í Norður-Noregi meðan draugar fortíðar hrjá hann og áhyggjur vegna systur hans sem býr með ofbeldismanni þjaka hann einnig. Hér er því á ferð enn ein þjáð karlkynslöggan, vitanlega fráskilin, sem lesendur norrænna glæpasagna eru orðnir þaulkunnugir. Það er síðan smá aukabónus fyrir íslenska lesendur að faðir Thorkilds er Íslendingur, forystumaður í umhverfisverndarhópi. Sjálfur fæddist Thorkild í Árneshreppi á Ströndum árið 1971.

Sagan er nokkuð hefðbundin glæpasaga. Hún er fyrsta persónufrásögn Thorkilds. Fortíðarkaflar lýsa aðdraganda hins skelfilega atburðar sem hrjáir Thorkild svo mjög. Kaflar í nútíð snúa að rannsókn á hvarfi hins unga manns og atburðir verða æ dularfyllri. Lík af ókunnri konu finnst en hverfur á einkennilegan hátt. Einnig hverfa tveir lögreglumenn. Skyggn kona og sýnir hennar skapa síðan ákveðna dulúð í sögunni.

Unnendur glæpasagna ættu að hafa nokkra ánægju af lestrinum. Sagan er fremur lipurlega skrifuð og á köflum skemmtilega töffaraleg, en hefði mátt vera þéttari. Þegar nokkuð er liðið á bókina kemur langdregin lýsing á líkkrufningu. Það er freistandi að ímynda sér að þar hafi höfundur lagst í heimildavinnu og viljað koma þekkingu sinni á krufningu til skila. Kaflinn er hins vegar allt of nákvæmur.

Eins og helst þarf að vera í sögu eins og þessari liggur lausnin ekki í augum uppi. Slíkt er alltaf kostur í glæpasögum. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Um margt ágæt glæpasaga þar sem þjáður lögreglumaður á samúð lesandans.

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**20.30-21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
**21.00-21.30 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
**21.30-22.00 Heilsugæslan** Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsumálum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.

## RÚV SJÓNVARP

**06.50** Morgunþáttur Rásar 1 og 2
**09.00** Ferðastiklur
**09.35** Vesturfararnir
**10.10** Rick Stein og franska eldhúsið
**11.10** Umræðuþáttur um COVID-19
**12.10** Gettu betur 1997
**13.00** Landinn 2010-2011
**13.30** Ævi
**14.00** Blaðamannafundur vegna COVID-19
**14.40** Treystið lækninum
**15.30** Bannorðið
**16.30** Ferðahandbók um Mars
**17.20** Jakob Jensen: hönnuður og arkitekt
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Nýi skólinn
**18.12** Anna og vélmennin
**18.34** Handboltaáskorunin
**18.46** Ormagöng
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.05 Andrar á flandri** (Skotland) Þáttaröð í sex hlutum þar sem nafnarnir og sjónvarpsmennirnir Andri Freyr Viðarsson úr þáttunum Andri á flandri og Andri Freyr Hilmarsson úr Með okkar augum leggja land undir fót og er ferðinni heitið til Bretlandseyja. Þar freista þeir þess að hitta átrúnaðargoð Andra Freys Hilmarssonar, Mr. Bean. Á meðan Andri Freyr Viðarsson reynir að komast í samband við leikarann Rowan Atkinson nota nafnarnir tímann og skoða sig um á Bretlandseyjum.
**20.35 Kórónaveiran og horfnu Kínverjarnir** Fréttaskýringaþáttur frá danska ríkissjónvarpinu (DR1) um COVID-19. Kínverskir aðgerðasinnar sem reyndu að vara við kórónaveirunni eru horfnir. Hvað gerðist í upphafi faraldursins? Og hvaða þýðingu hafði það á útbreiðslu veirunnar?
**21.10** Gæfusmiður
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Okkar á milli
**22.50** Ríkið
**23.40** Pólskir dagar - Kennarinn
**00.25** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** European Tour 2020
**14.00** PGA Tour 2019
**17.30** PGA Tour: The Cut

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**07.00** Ísland vaknar BEINT
**10.00** Síminn + Spotify
**11.30** Dr. Phil
**12.09** The Late Late Show
**12.49** Everybody Loves Raymond
**13.13** The King of Queens
**13.35** How I Met Your Mother
**13.57** Dr. Phil
**14.39** A.P. BIO
**15.01** This Is Us
**16.15** Malcolm in the Middle
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** The King of Queens
**17.20** How I Met Your Mother
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Late Late Show
**19.15** American Housewife
**19.40** Single Parents
**20.10** Með Loga
**21.10** The Resident
**22.00** The L Word: Generation Q
**22.55** The Arrangement
**23.40** The Late Late Show
**00.25** Grand Hotel
**01.10** Seal Team
**01.55** Law and Order: Special Victims Unit
**02.40** Wisting
**03.25** The Walking Dead
**04.10** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunþáttur Rásar 1 og 2
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Á tónsviðinu
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp UngRÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Kóngur og kolabrennari
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05** The Big Sick
**13.00** Ordinary World
**14.25** Carrie Pilby
**16.00** The Big Sick
**17.55** Ordinary World
**19.20** Carrie Pilby
**21.00** Marshall
**22.55** Kidnap
**00.25** Terminal
**02.00** Marshall

## STÖÐ 2

**06.50** Bítið
**09.00** Bold and the Beautiful
**09.20** Gilmore Girls
**10.00** Veep
**10.35** Major Crimes
**11.15** Hand i hand
**11.55** Dýraspítalinn
**12.35** Nágrannar
**12.55** Now Add Honey
**14.30** The Full Monty
**16.00** Robo-Dog
**17.35** Bold and the Beautiful
**18.00** Nágrannar
**18.25** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Curb Your Enthusiasm
**19.45** Love in the Wild
**20.35** NCIS
**21.20** S.W.A.T
**22.00** Ramy Yousseff: Feelings
**22.55** Real Time With Bill Maher
**23.55 Steinda Con: Heimsins furðulegustu hátíðir** Við fylgjumst með Steinda heimsækja margar af skrítnustu, skemmtilegustu og furðulegustu ráðstefnum sem haldnar eru í heiminum
**00.25** Deadwater Fell
**01.10** Homeland
**01.55** The Sinner
**02.40** Counterpart
**03.35** Counterpart
**04.30** Counterpart

## STÖÐ 3

**14.45** Slicon Valley
**15.15** Friends
**19.05** The Middle
**19.25** The Mindy Project
**20.00** Friends
**20.20** Friends
**20.45** Supergirl
**21.25** Batwoman
**22.05** The Simpsons
**22.30** Bob's Burgers
**22.50** American Dad
**23.15** The Mindy Project
**23.45** Friends
**00.05** Friends

## STÖÐ 2 SPORT

**05.50** Tottenham - Middlesbrough
**07.25** Tranmere - Manchester United
**09.05** Lazio - Atalanta
**10.45** Lazio - Juventus
**12.25** Haukar - FH
**13.55** Sportið í kvöld
**15.00** Sportið í dag
**16.00** Lazio - Atalanta
**18.00** Valur - Haukar
**19.15** Goðsagnir - Pétur Ormslev
**20.00** Sportið í kvöld
**21.00** La Liga World
**21.30** Breiðablik - Valur
**23.10** KR - FH
**01.05** Sportið í dag

## STÖÐ 2 SPORT 2

**10.00** Halldór Helgason
**10.35** Katrín Tanja Davíðsdóttir
**11.05** Rúrik Gíslason
**11.35** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir
**12.05** Martin Hermannsson
**12.35** Sunna Tsunami
**13.05** Fyrir Ísland
**17.55** Kvennalandsliðið í Kína
**19.05** Haukar - FH
**20.30** Valur - Haukar
**22.00** Tranmere - Manchester United
**23.40** Manstu 2

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Hví ekki að taka **maraþon viku** heima?

**7 DAGA ÁSKRIFT** aðeins **990 kr.**

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.




MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
**stod2.is | 1817**

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

## GÓU PÁSKA EGG

| | |
|---|---|
| GÓU EGG - NR. 5 450G | 1.756kr. |
| APPOLO LAKKRÍS EGG - NR. 4 325G | 1.894kr. |
| APPOLO FYLLT LAKKRÍS EGG - NR 5 450G | 1.894kr. |
| APPOLO FYLLT PIPAR LAKKRÍS EGG - NR 5 450G | 1.894kr. |
| GÓU HRAUNEGG - NR. 5 1/2 460G | 1.794kr. |

## NÓI PÁSKA EGG

| | |
|---|---|
| NÓI PÁSKAEGG NR.4 325G | 1.578kr. |
| NÓI PÁSKAEGG NR.5 460G | 2.497kr. |
| NÓI PÁSKAEGG NR.6 585G | 2.994kr. |
| NÓA KRISP PÁSKAEGG 530G | 1.897kr. |
| NÓA TROMP PÁSKAEGG 500G | 2.429kr. |

## FREYJU PÁSKA EGG

| | |
|---|---|
| FREYJU RÍSEGG NR.9 505G | 2.478kr. |
| FREYJU DRAUMAEGG NR.9 530G | 2.478kr. |
| FREYJU RÍSEGG MEÐ SALTKARAM. NR.9 550G | 2.478kr. |
| FREYJU STERKT DJÚPUEGG NR.9 550G | 2.478kr. |
| FREYJU DJÚPUEGG NR.9 550G | 2.478kr. |

Birt með fyrirvara um villur. Gildir á meðan birgðir endast nema að annað sé tekið fram.

# ÓDÝRUSTU PÁSKAEGGIN

VERSLAÐU HJÁ OKKUR SNEMMA Á MORGNANNA, SEINT Á KVÖLDIN EÐA UM NÓTTINA.
DREIFUM ÁLAGINU OG FÆKKUM SMITLEIÐUM

**VIÐ ERUM ÖLL ALMANNAVARNIR!**

OPIÐ 24/7

# VERIÐ VELKOMIN

NÚ OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

HALLVEIGARASTÍGUR 1 | 101 REYKJAVIK | SUPER1.IS

Flott á frumsýningu nýjustu myndar eiginmannsins, Hobbs & Shaw.

Rosie Huntington-Whiteley á Met-galakvöldinu í fyrra, í fölbleikum kjól frá Oscar de la Renta. MYNDIR/GETTY

Rosie ótrúlega fáguð og flott í sandölum á ferðinni í New York-borg.

Fyrirsætan var í flegnu og fáránlega svöl á tískusýningu hjá Tom Ford.

# Töff og flott fyrirsæta

Fyrirsætan **Rosie Huntington-Whiteley** er með töff og flottan fatastíl. Hún heldur einnig úti lífsstílssíðunni Rosie Inc.

Rosie Huntington-Whiteley er ein þekktasta fyrirsætan í heiminum í dag, en hún heldur einnig úti vinsælu lífsstílssíðunni Rosie Inc. Á henni fær hún til sín ýmsa þekkta viðmælendur og skrifar um sinn eigin tískuáhuga. Hún er einnig með sitt eigið snyrtivörumerki og hefur gert línur í samstarfi við snyrtivörurisann Hourglass.

Rosie gekk áður pallana fyrir Victoria's Secret, en talað er um að auglýsing fyrir nærfatamerkið Agent Provocateur árið 2009 hafi endanlega komið henni á kortið.

Fyrirsætan er mjög stílhrein og klassísk í klæðavali, þó hún sé alltaf líka töff. Hún er dugleg að birta myndir af sér í klæðnaði dagsins á Instagram-aðgangi sínum.

steingerdur@frettabladid.is

Rosie á tískuverðlaununum í fyrra þar sem hún veitti sínu uppáhaldsmerki, Bottega Veneta, verðlaun.

Hún Rosie heldur mikið upp á tískumerkið Bottega Veneta og er því eðlilega dugleg að setja myndir af sér á netið, í skóm frá þeim sem hún fetar fimlega í.

Rosie er hrifin af stílhreinum, einföldum og vel sniðnum klæðnaði.

NÓI SÍRÍUS

## Salt gott að frétta?

Þegar þú hélst að rjómasúkkulaðið okkar gæti bara ekki batnað þá kemur það líka sem þetta stórkostlega egg, með saltlakkrísflögum og íslensku sjávarsalti. Þú verður bara að prófa til að sannfærast, en við ábyrgjumst ekki að þú getir hætt að gæða þér á öllu góðgætinu.

cocoa HORIZONS

# Rekin á öðrum degi sem stærðfræðikennari

Í dag koma út þættirnir Mannlíf með grínistanum **Evu Ruza.** Hún segir þá kjörna fyrir hámhorf núna þegar fólk þarf að halda sig heima. Eva kennir tvíburunum sínum nú heima við í ljósi ástandsins, en var rekin sem stærðfræðikennari á degi númer tvö.

Eva vinnur hjá móður sinni í blómabúðinni Ísblóm en fékk mánaðarfrí til að gera þættina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þáttaröðin Mannlíf með grínistanum Evu Ruza hefst í dag í Sjónvarpi Símans.

„Hugmyndin að þáttunum kom frá lífsstílsblaðinu Mannlífi og er unnin í samstarfi við Sagafilm. Það má segja að þetta sé litla barnið þeirra. Ég fékk svo þann heiður að fá að ganga með það fulla meðgöngu og bæta dassi af Evu Ruzu galsa við þetta allt. Þór Freysson framleiðandi leiddi mig áfram í þessu öllu og fékk , greyið, að hlusta á blaðrið í mér og misgáfulegar hugmyndir í margar vikur," segir Eva og bætir svo við: ,,Ég veit samt að honum leiddist það pottþétt ekki því það var alltaf fjör í tökunum. Mér þótti ótrúlega vænt um að þau Steingerður, Róald og Sigríður Dagný hjá Mannlífi treystu hugmyndaflugi okkar Þórs fullkomlega og leyfðu okkur að leika lausum hala."

### Six pack og gleði

Eva segir þættina fullkomna fyrir hámhorf nú þegar fólk þarf að eyða löngum stundum heima hjá sér vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

„Eina vitið er að hlamma sér í sófann og horfa á þættina. Það er ekki eins og fólk hafi eitthvað annað að gera, allavega ekki þeir sem eru í sóttkví. Jafnvel hægt að kveikja og gera nokkrar magaæfingar á meðan horft er. Slá tvær flugur í einu höggi; „six pack" og gleði í hjartað," segir hún og hlær.

Eva lýsir þáttunum á þann veg að þeir séu í raun byggðir upp eins og þú sért að fletta blaði.

„Nema lifandi blaði með brussugangi, hlátri og skemmtun beint í æð. Í hverjum þætti er eitt ,,forsíðuviðtal" ef svo mætti segja og svo minni innslög þar sem ég læri til dæmis að elda, tek fræga í hraðaspurningar og ég get sagt ykkur það að það var veisla eitt og sér. Það sem kom upp í þeim svörum lætur fólk hlæja. Ég átti mjög erfitt með að halda andlitinu í þeim þáttalið," segir hún.

### Hvolpaaugun virka

Það gekk gífurlega vel að fá fólk til að taka þátt að sögn Evu.

„Það má eiginlega segja að þetta hafi gengið eins og í lygasögu. Við þurftum ekki að snúa upp á handlegginn á neinum viðmælanda. Það voru allir til í þetta verkefni og allir til í að vera með, enda hafa þessi hvolpaaugu mín fleytt mér langt síðan í æsku. Það var gaman að sjá að þau virkuðu líka á fleiri en bara pabba og manninn minn," segir Eva og hlær.

Eva vinnur í blómaverslun móður sinnar, Ísblóm, í verslunarkjarnanum Miðbæ.

„Þannig að ég, enn og aftur, henti upp hvolpaaugunum og bað mömmu um frí í mánuð til að geta hellt mér í þetta verkefni. Þið heyrið bara í mér ef ykkur vantar eitthvað. Þá set ég upp augun og geng í verkið fyrir ykkur. Skemmtibransinn fékk hins vegar ekkert frí frá mér, en ég var nánast uppi á sviði um hverja helgi á meðan allt var í gangi."

### Endaði með hlaupasting

Upptökurnar gengu vel og Eva segir alla gesti hafa verið skemmtilega og áhugaverða á sinn hátt.

„Ég á mjög erfitt með að að velja á milli, ég er bara svo innilega glöð yfir að það voru allir til í þetta, allir svo hressir og skemmtilegir. Reyndar fór ég út að hlaupa með Þórarni Eldjárn og átti fullt í fangi með að elta hann. Var komin með hlaupasting og allt en hann blés ekki úr nös, kallinn," segir hún.

Hún segir margt hægt að læra af þáttunum og fólkinu sem í þeim birtist.

„Allt er þetta fólk sem hefur látið draumana sína rætast og það er eitthvað sem margir eru hræddir við að gera. Ég var til dæmis að lifa drauminn minn við gerð þáttanna. Núna þegar allir eru heima við, þá er svo sannarlega hægt að láta sig dreyma og kannski stökkva á tækifærin þegar allt fellur í ljúfa löð."

**ÞEGAR ÉG FÉKK SVO SÍMTALIÐ UM ÞÆTTINA FÉKK ÉG NÆSTUM HJARTASTOPP OG GAT EKKI TALAÐ AF SPENNINGI.**

**KRAKKARNIR ERU BÚNIR AÐ REKA MIG SEM STÆRÐFRÆÐIKENNARA OG HEIMTA AÐ PABBINN TAKI VIÐ, SEM ÉG ER REYNDAR GUÐS LIFANDI FEGIN AÐ ÞAU GERÐU.**

### Söngelsk en laglaus

*Dreymdi þig um að verða sjónvarpsstjarna?*

„Mig hefur alltaf langað til að vinna við sjónvarp, alveg síðan ég var lítil. Vinkonur mínar segja bara við mig eitt orð og það er „Loksins". Ég hef alltaf verið í öllu. Andskoti athyglissjúk að sögn mömmu og pabba. Í skólastarfi var ég í öllum nefndum, öllum leikritum, söngvakeppnum, sem er mér reyndar hulin ráðgáta því ég er alls engin söngkona," segir hún og hlær.

Hún segist alltaf hafa sóst í skapandi verkefni og það hafi svo algjörlega breytt lífi hennar þegar samfélagsmiðlar komu inn í myndina.

„Ég nýtti þá í að skapa eitthvað skemmtilegt efni fyrir áhorfendurna og geri enn. Þegar ég fékk svo símtalið um þættina fékk ég næstum hjartastopp og gat ekki talað af spenningi. Er ótrúlega þakklát fyrir þetta tækifæri sem kom til mín."

### Rekin á öðrum degi

Það er nóg að gera hjá Evu þótt mörgum verkefnum hafi vissulega verið aflýst vegna kórónafaraldursins.

„Ég er með 10 ára tvíbura heima og hef verið að heimaskóla þau, sem hefur gengið upp og niður verð ég að viðurkenna. Ég er reyndar hræðilegur kennari og á fullt í fangi með þessa iPad kennslu. Ég man þá tíð þegar við notuðum blað og skrúfblýanta með strokleðri á endanum. Krakkarnir eru búnir að reka mig sem stærðfræðikennara og heimta að pabbinn taki við, sem ég er reyndar guðs lifandi fegin að þau gerðu. Smá skellur hins vegar, þar sem það gerðist bara á degi tvö að ég var rekin."

steingerdur@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is,* Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is,* Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is,* Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is,* Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# GÓMSÆT HELGARTILBOÐ Í NETTÓ!

**Kindamjaðmir**
Kjötsel
**1.200** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.399 KR/KG
**-50%**

**Kalkúnasneiðar**
Ísfugl
**1.733** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.889 KR/KG
**-40%**

**-40%**
KJÖTBORÐ
**Grísakótilettur á beini**
**1.139** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.899 KR/KG

**-20%**
KJÖTBORÐ
**Hálf nautalund**
**4.798** KR/KG
**ÁÐUR:** 5.998 KR/KG

**-15%**
**Framhryggjasneiðar**
Fjallalamb
**2.039** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.399 KR/KG

**-30%**
**Bleikjuflök**
Ektafiskur
**2.099** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.999 KR/KG

**-25%**
**Gómsætt ítalskt lasagne**
800 gr
**1.199** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.599 KR/PK

**Ananas**
Gold Del Monte
**220** KR/KG
**ÁÐUR:** 439 KR/KG
**-50%**

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**
**Tilboðin gilda 19. - 22. mars**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU**
**Í VEFVERSLUN NETTÓ***
**Skv. könnun Fréttablaðsins*

MARSTILBOÐ 30% AFSLÁTTUR

## OPUS
tungusófi

Frábær fjölskyldusófi. Grátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga (hægt að hafa tunguna hvorum megin sem er). Stærð: 270 x 170 cm

**Fullt verð: 199.900 kr.**

Aðeins **139.930 kr.**

## KOLDING
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Grátt leður/PVC.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

MARSTILBOÐ 35% AFSLÁTTUR

Aðeins **77.935 kr.**

MARSTILBOÐ 30% AFSLÁTTUR

## TAMPA
tungusófi

Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Tunga getur verið beggja vegna. Stærð: 240 x 143 cm

**Fullt verð: 129.900**

Aðeins **90.930 kr.**

## POLO
hægindastóll

MARSTILBOÐ 30% AFSLÁTTUR

Klassískur hægindastóll. Svart PU-leður.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **27.930 kr.**

MARSTILBOÐ 35% AFSLÁTTUR

## TAMPA
u-sófi

Slitsterkt, dökkgrátt áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Stærð: 314 x 215 x 139 cm

**Fullt verð: 209.900 kr.**

Aðeins **136.435 kr.**

## BOGGIE
hægindastóll

MARSTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

Grátt Fiestaáklæði.

**Fullt verð: 54.900 kr.**

Aðeins **41.175 kr.**

# RÝMUM FYRIR NÝRRI GERÐ

## Perfect-T stillanlegur botn með 25% afslætti

Infinity dýna

MARSTILBOÐ 30% AFSLÁTTUR
Perfect T - stillanlegum botni og 20% af Infinity dýnum.

- Vandaður, stillanlegur botn sem fullkomnar slökun þína.
- Botninn dregst að vegg þegar honum er lyft svo höfuðsvæði helst á sama stað.
- Á þráðlausri fjartsýringu getur þú fest þína bestu stellingu í minni.
- Enda- og hliðastopparar sjá til þessa að dýnurnar hreyfast sem minnst.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING

ENDA- OG HLIÐARSTOPPARAR

USB TENGI

Verðdæmi A
100 x 200 Perfect-T botn (30% afsl.) með Infinity heilsudýnu (20% afsl.)

**Fullt verð: 286.900**

Aðeins **210.620 kr.**

Verðdæmi A
120 x 200 Perfect-T botn (30% afsl.) með Infinity heilsudýnu (20% afsl.)

**Fullt verð: 322.900**

**238.420 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda út marsmánuð 2020 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Marstilboð

## SENDUM FRÍTT UM LAND ALLT!

Enn fleiri tilboð á dorma.is

www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF OPIN**

MARSTILBOÐ

**62%**

AFSLÁTTUR

## NATURE'S REST

heilsurúm með Hótel fjaðurbotni

Seljum Nature's Rest heilsudýnu með Hótel-fjaðurbotni í stærðinni 100 x 200 cm. á ótrúlegu tilboðsverði á meðan birgðir endast.

**Fullt verð 105.640 kr**

Nú aðeins **39.900 kr.**

NATURE'S REST | SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI | BURSTAÐIR STÁLFÆTUR | STERKUR BOTN | 320 GORMAR PR FM² | GÓÐAR KANTSTYRKINGAR

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg. ehf **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Kolbeins Marteinssonar

## Tækifæri eða dauði

Í þeim darraðardansi sem samfélag okkar hefur gengið í gegnum undanfarið hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með einstakri leiðtogahæfni nokkurra þeirra sem stjórna grunnstoðum samfélagsins. Þau hafa tekið okkur í fangið og fullvissað okkur um að þetta muni allt líða hjá. Skipulögð upplýsingamiðlun með daglegum upplýsingafundum skiptir hér lykilmáli.

**Mikilvægasta fyrirtæki landsins, Icelandair, stígur nú krappar öldur með Boeing 737 MAX-vélar sínar kyrrsettar og hrinu afbókana við upphaf stærsta sölutímabils ársins. Forstjóri þess sýnir aðdáunarverða stillingu og talar af sannfæringu um að þetta verði yfirstíganlegt. Ríkisstjórnin hefur einnig áttað sig á þessu og hefur boðað frekari aðgerðapakka um leið og ástandinu linnir. Fyrir það ber að hrósa, en frekari aðgerða er þörf.**

**Kínverska táknið fyrir krísu er einkar lýsandi fyrir ástandið þessi misserin. Vinstri hlið þess merkir snögga breytingu meðan sú hægri merkir tækifæri lífsins. Breytingar kunna að vera erfiðar en getan til að sjá tækifærin sem þær skapa getur skilið á milli árangurs eða mistaka.**

**Einn fremsti krísusérfræðingur Norðurlanda, Norðmaðurinn Bjørn Richard Johansen, hefur komið að úrlausn fjölmargra vandamála á Íslandi sl. 10 ár og þekkir aðstæður hér því vel. Hann sagði mér nýlega að Íslendingar ættu það til að tala helst til mikið og við mættum vera skipulagðari. Hins vegar séum við þrautseig, óhrædd, dugleg og vinnusöm. Með slíka styrkleika munum við komast yfir þetta eins og annað.**

**Gleymum aldrei tækifærunum sem okkur auðnaðist að nýta eftir hrunið 2008. Þau sköpuðu nýjar stoðir undir hagkerfi okkar og lífskjör. Og viðhöldum gleðinni, því það styttir alltaf upp.**